



## **B.Sc. í Viðskiptafræði**

### **Siðferði endurskoðenda**

*Áhrif siðareglna á störf endurskoðenda*

**Nafn nemanda:** Helga Rós Benediktsdóttir

**Kennitala:** 190788 - 3269

**Nafn nemanda:** Jenný Einarsdóttir

**Kennitala:** 090291 - 2469

**Leiðbeinandi:** Elín Hanna Pétursdóttir

## **Siðferði endurskoðenda**

*Áhrif siðareglna á störf endurskoðenda*

Ritgerð þessi er 12 eininga lokaverkefni til B.sc. prófs við Viðskiptafræðideild,  
Háskólans í Reykjavík

© Helga Rós Benediktsdóttir og Jenný Einarsdóttir  
Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfunda.

Prentun: Nón  
Reykjavík, 2017

## Yfirlýsing um heilindi í rannsóknarvinnu

Verkefni þetta hefur hingað til ekki verið lagt inn til samþykkis til prófgráðu, hvorki héraðs né erlendis. Verkefnið er afrakstur rannsókna undirritaðs / undirritaðrar, nema þar sem annað kemur fram og þar vísað til skv. heimildaskráningarstaðli með stöðluðum tilvísunum og heimildaskrá.

Með undirskrift minni staðfesti ég og samþykki að ég hef lesið siðareglur og reglur Háskólans í Reykjavík um verkefnavinnu og skil þær afleiðingar sem brot þessara reglna hafa í för með sér hvað varðar verkefni þetta.

---

Dagsetning	Kennitala	Undirskrift
------------	-----------	-------------

---

Dagsetning	Kennitala	Undirskrift
------------	-----------	-------------

## Útdráttur

Meginmarkmið þessarar rannsóknar er að rannsaka hvort siðareglur Félag löggiltra endurskoðenda (FLE) hafi áhrif á störf endurskoðenda, ásamt því að skoða hvort viðeigandi sé að endurskoðendur fái gjafir eða önnur hlunnindi frá viðskiptavini. Hvort almenningur sé nægilega vel upplýstur um störf og skyldur endurskoðenda og hvort óhæði endurskoðenda á Íslandi sé alltaf gætt. Þessi viðfangsefni voru skoðuð annars vegar frá sjónarhorni endurskoðenda og hins vegar frá sjónarhorni almennings.

Megindlegri rannsóknaraðferð var beitt og voru tveir spurningalistar samdir og settir upp. Í lokin var svo gerður samanburður á svörum þessara tveggja hópa. Þátttakendur voru alls 243 einstaklingar, en þar af var 141 einstaklingur endurskoðandi og 102 einstaklingar almenningur.

Í fræðilega hlutanum verður meðal annars fjallað um hlutverk og ábyrgð endurskoðenda, siðferði, siðareglur og óhæði endurskoðenda.

Meginniðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að siðareglur FLE hafa jákvæð áhrif á störf endurskoðenda. Ekki þykir viðeigandi að endurskoðandi þiggi veglegar gjafir eða önnur hlunnindi frá viðskiptavini en þó var meirihluti þátttakenda sem taldi viðeigandi að þiggja smávægilega gjöf eða önnur hlunnindi. Niðurstöður sýndu einnig að meirihluti þátttakenda telur að endurskoðendur geti verið algjörlega óháðir í starfi sínu á Íslandi. Rannsóknin leiddi jafnframt í ljós að almenningur er ekki nægilega upplýstur um störf og skyldur endurskoðenda og töldu bæði endurskoðendur og almenningur að þörf sé á vitundarvakningu meðal almennings um störf og skyldur þeirra.

## **Formáli**

Ritgerð þessi er 12 eininga lokaverkefni til B.Sc.-gráðu í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík árið 2017. Höfundar eru Helga Rós Benediktsdóttir og Jenný Einarsdóttir og var verkefnið unnið að mestu frá 10. ágúst til 10. desember. Viðfangsefnið er siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og hvort þær hafi áhrif á störf endurskoðenda.

Ritgerðin var unnin í samræmi við reglur og almennar kröfur Háskólans í Reykjavík varðandi lokaverkefni til B.Sc.-gráðu.

Leiðbeinandi ritgerðarinnar er Elín Hanna Pétursdóttir, kennari við Háskólann í Reykjavík og viljum við þakka henni kærlega fyrir veittan stuðning og ábendingar við gerð verkefnisins. Einnig viljum við þakka öllum þeim sem komu að verkefninu og sérstaklega þeim sem gáfu sér tíma til að taka þátt í vefkönnunum sem sendar voru út í október.

Reykjavík, 21. desember 2016

Helga Rós Benediktsdóttir og Jenný Einarsdóttir

---

## Efnisyfirlit

1 Inngangur .....	1
2 Siðferði endurskoðenda .....	2
2.1 Siðfræði.....	2
2.2 Viðskiptasiðfræði.....	3
2.3 Siðareglur.....	4
2.4 Siðareglur endurskoðenda .....	5
2.5 Ógnanir og varúðarráðstafanir .....	7
3 Endurskoðendur og umhverfi þeirra .....	8
3.1 Hlutverk og ábyrgð .....	8
3.2 Löggiltur endurskoðandi.....	10
3.3 Ársreikningar og áritanir.....	10
3.4 Væntingabil.....	12
3.4.1 Aðgerðir til að takmarka væntingabil.....	12
3.5 Lög um endurskoðendur .....	13
3.6 Endurmenntun.....	14
3.7 Að skipta um endurskoðanda.....	15
4 Ímynd og ásýnd endurskoðenda.....	16
4.1 Óhæði endurskoðenda .....	16
4.2 Þóknun og aðrar tegundir umbunar .....	18
4.3 Gjafir og risna .....	19
5 Fagfélög .....	20
5.1 Félag löggiltra endurskoðenda.....	20
5.2 Alþjóðasamband endurskoðenda .....	22
5.3 Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar .....	23
6 Eftirlitsaðilar .....	24
6.1 Endurskoðendaráð .....	24
6.2 Fjármálaeftirlitið .....	24
6.3 Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneyti.....	25
6.4 Endurskoðunarnefnd.....	25
7 Rannsókn.....	26

7.1 Rannsóknarspurning og tilgátur.....	26
8 Rannsóknaraðferð .....	26
8.1 Þátttakendur og gagnaöflun .....	27
8.2 Mælitæki .....	27
8.3 Framkvæmd .....	28
8.4 Greining gagna og úrvinnsla.....	29
9 Niðurstöður .....	30
9.1 Löggiltir endurskoðendur .....	30
9.1.1 Siðferði endurskoðenda.....	32
9.1.2 Gjafir og risna.....	34
9.1.3 Þekking á störfum endurskoðenda .....	37
9.1.4 Óhæði endurskoðenda .....	38
9.2 Almennigur .....	41
9.2.1 Siðferði endurskoðenda.....	42
9.2.2 Gjafir og risna.....	43
9.2.3 Þekking á störfum endurskoðenda .....	45
9.2.4 Óhæði endurskoðenda .....	46
9.3 Samanburður.....	47
10 Umræða.....	51
10.1 Takmarkanir rannsóknarinnar.....	54
11 Lokaorð.....	54
12 Heimildir .....	56
Viðauki A.....	59
Viðauki B .....	64
Viðauki C.....	67
Viðauki D.....	68

## Myndayfirlit

Mynd 1: Kynjahlutfall þátttakenda .....	30
Mynd 2: Aldursdreifing þátttakenda .....	31
Mynd 3: Starfsaldur sem endurskoðandi .....	31
Mynd 4: Viðhorf endurskoðenda á siðareglum FLE .....	32
Mynd 5: Skoðun um að endurskoðendur starfi almennt eftir siðareglum .....	33
Mynd 6: Eftirlit með siðareglum á viðkomandi vinnustað .....	33
Mynd 7: Skoðun á að settar séu reglur um gjafir og risnu frá viðskiptavini .....	34
Mynd 8: Hefur viðkomandi verið gefin gjöf eða boðin risna af viðskiptavini .....	35
Mynd 9: Skoðun á smávægilegri gjöf frá viðskiptavini.....	36
Mynd 10: Skoðun á veglegri gjöf eða risnu frá viðskiptavini .....	36
Mynd 11: Skoðun á að almenningur sé nægilega upplýstur um störf endurskoðenda .....	37
Mynd 12: Hversu mikla eða litla þörf viðkomandi telur vera á vitundarvakningu meðal almennings .....	38
Mynd 13: Skoðun á að endurskoðandi geti verið algjörlega óháður .....	39
Mynd 14: Styrkist óhæði endurskoðenda ef viðskiptavinir skipta reglulega um endurskoðanda .....	39
Mynd 15: Hefur viðkomandi myndað svo nán tengsl við viðskiptavin að það hafi ógnað óhæði hans .....	40
Mynd 16: Hversu viðeigandi eða óviðeigandi viðkomandi telur að sami endurskoðandi semji og veiti endurskoðaða áritun á reikningsskil .....	41
Mynd 17: Aldursdreifing þátttakenda.....	41
Mynd 18: Viðhorf til siðferðis endurskoðenda.....	42
Mynd 19: Hversu sammála eða ósammála viðkomandi er að endurskoðandi starfi almennt eftir siðareglum .....	43
Mynd 20: Hversu sammála eða ósammála viðkomandi er að settar séu reglur um gjafir og risnu.....	44
Mynd 21: Skoðun á smávægilegri gjöf.....	44
Mynd 22: Hversu vel eða illa viðkomandi þekkir til ábyrgðar og hlutverks endurskoðenda..	45
Mynd 23: Hversu sammála eða ósammála viðkomandi er því að almenningur sé nægilega upplýstur um störf endurskoðenda.....	46



Mynd 24: Hversu sammála eða ósammála viðkomandi er að endurskoðandi geti orðið hlutdrægari eftir því sem hann starfar lengur fyrir skjólstæðinga sína .....	47
Mynd 25: Viðhorf til siðareglna endurskoðenda .....	47
Mynd 26: Hversu sammála eða ósammála viðkomandi er að endurskoðandi starfi almennt eftir siðareglum .....	48
Mynd 27: Hversu sammála eða ósammála viðkomandi er að almenningur sé nægilega upplýstur um störf endurskoðenda og siðareglur .....	49
Mynd 28: Hversu sammála eða ósammála viðkomandi er að endurskoðandi geti orðið hlutdrægari eftir því sem hann starfar lengur fyrir skjólstæðinga sína .....	50
Mynd 29: Hversu sammála eða ósammála viðkomandi er að settar séu reglur um gjafir og risnu.....	50

# 1 Inngangur

Fagfélag endurskoðenda á Íslandi nefnist Félag löggiltra endurskoðenda (FLE) og er öllum endurskoðendum skylt að vera félagsmenn samkvæmt lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur. Endurskoðendur búa yfir mikilli sérþekkingu sem nýtist þeim í starfi og verða þeir að fara eftir lágmarksreglum í starfi sínu en hluti af þeim eru siðareglur sem þeim ber að fylgja.

Samkvæmt lögum um endurskoðendur ber þeim að rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi og fylgja þeim lögum og reglum sem gilda um störf þeirra. Endurskoðendastéttin starfar með hagsmuni samfélagsins að leiðarljósi. Ábyrgð endurskoðenda felst því ekki eingöngu í því að uppfylla þarfir einstaka viðskiptavina eða vinnuveitanda. Endurskoðendur verða þess þó oft varir að bæði viðskiptavinir og almenningur þekkir ekki nægilega vel til starfa þeirra og hvað felst í endurskoðun. Með því að setja lög nr. 79/2008 um endurskoðendur var reynt að stuðla að því að störf þeirra og áritun á reikningsskil auki traust milli þeirra er leggja fram ársreikning og lesenda þeirra. Mikilvægt er að lesendur reikningsskila geti treyst því að ársreikningarnir séu réttir og gefi rétta mynd af þeim aðilum sem verið er að skoða (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011).

Endurskoðendur gegna mikilvægu eftirlitshlutverki hjá fyrirtækjum og stofnunum á Íslandi þar sem óhæði er einn af hornsteinum endurskoðunarstarfsins. Í lögum um endurskoðendur er að finna sérstök ákvæði um óhæði endurskoðenda og í siðareglum stéttarinnar, enda má ekki leika vafi á að álit endurskoðenda í reikningsskilum sé hlutlaust. Siðareglurnar sem settar eru af Félagi löggiltra endurskoðenda (FLE) eru í raun hluti af lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur, þar sem allir íslenskir endurskoðendur eru skyldugir til að hlíta ákvæðum siðareglanna. Þar eru settar fram lágmarkskröfur til endurskoðenda. Með reglum er reynt að stuðla að faglegum vinnubrögðum og góðu siðferði í starfi. Þannig er ætlað að fyrirbyggja að upp komi vandamál eða siðferðileg álitaefni vegna óhæðis eða annarra siðferðilegra mála. Mikilvægt er fyrir lesendur ársreikninga að geta treyst því að endurskoðendur fari eftir siðareglum við störf sín. Almennt má segja að endurskoðendur þurfi að gæta þess að stofna dómgreind sinni ekki í hættu vegna hagsmunaárekstra, hlutdrægni eða óviðeigandi áhrifa frá öðrum aðilum. Fagstétt endurskoðenda leggur því mikla áherslu á að farið sé eftir siðareglum endurskoðenda (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011).

Í þessari rannsókn verða siðareglur endurskoðenda skoðaðar og hvort þær hafi teljandi áhrif á störf þeirra. Auk þess verður sérstaklega kannað siðferðilegt álit endurskoðenda vegna

gjafa og risna sem þeim er boðin í starfi. Þar sem lítið hefur verið fjallað um siðareglur endurskoðenda hér á landi var einnig rannsökuð vitneskja almennings á siðferði endurskoðenda og álit þeirra á gjöfum og risnu til þeirra.

Rannsóknarspurningarnar eru eftirfarandi:

1. Hafa siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) áhrif á störf endurskoðenda?
2. Telja endurskoðendur viðeigandi að fá gjafir og risnu frá viðskiptavini?
3. Er almenningur nægilega upplýstur um störf endurskoðenda?
4. Er óhæði endurskoðenda alltaf gætt?

## 2 Siðferði endurskoðenda

### 2.1 Siðfræði

Siðfræði er fræðigrein sem lýsir og skýrir siðferði manna og miðar að því að afla vitneskju því tengdu og lýsa því á heillegan og samkvæman hátt og skýra hvers vegna það er eins og það er. Ekki er unnt að skýra siðferði á einfaldan hátt. Siðfræðin er því safn kenninga um hugsanlegar lausnir á þessu verkefni. Hún hefur verið talin ein af megingreinum heimspekinnar allt frá fornöld. Höfuðdyggðir siðfræðinnar eru hugrekki, heiðarleiki, hófsemi, víska og réttlæti (Páll Skúlason, 1990).

Immanuel Kant færir rök fyrir því í riti sínu *Grundvöllur að frumspeki* siðlegrar breytni að siðfræðin sé nauðsynleg af tveimur ástæðum. Önnur ástæðan er fræðileg, við höfum þörf fyrir frumspeki til að fjalla um grundvallarlögmál hreinnar skynsemi sem gerir siðlega breytni okkar mögulega. Hin ástæðan er praktísk því við erum ekki aðeins undir áhrifum hinnar hreinu siðalögmála heldur margra hneigða sem geta gert okkur erfiðara að gera hugmyndina um verklega, hreina skynsemi að veruleika í daglegri breytni. Gagnsemi þess að iðka siðfræði er tengd hættunni á því að siðferðið sjálft spillist vegna þess að það er svo margt sem getur haft áhrif á okkur annað en hið hreina siðalögmál. Það sem hefur áhrif á ákvarðanir okkar getur bæði stuðlað að athöfnum sem eru siðlegar og sem brjóta í bága við siðalögmálið (Páll Skúlason, 2011).

Siðfræðin hefur siðferði að viðfangsefni sínu, þar er ekki gerð tilraun til þess að lýsa raunverulegri hegðun og breytni eða venjum og siðum manna heldur ríkjandi hugmyndum um rétt og rangt, gott og illt. Siðfræðin fjallar ekki um það hvað menn gera eða hvernig þeir

breyta heldur hvað þeim er ætlað að gera og hvernig þeim ber að breyta rétt. Siðferði birtist í öllum aðstæðum sem hafa með samskipti fólks að gera. Siðferði er samansafn þeirra viðhorfa, viðmiða og reglna sem eru til í samfélögum og það mótast hvað er rétt og rangt fyrir einstaklinga eða hópa fólks. Siðferði félags birtist í stjórnkerfi þess og menningu, markmiðum, hlutverkum, verklagsreglum, siðareglum og gildum þess. Með því að móta með markvissum hætti stjórnkerfi og menningu félags, geta stjórn og framkvæmdarstjóri haft mikil áhrif á siðferði félagsins og haft áhrif á siðferði stafrólks (Páll S. Árdal, 1997).

## 2.2 Viðskiptasiðfræði

Viðskiptasiðfræði er hagnýt og snýr að þeim aðstæðum, athöfnum og ákvörðunum í viðskiptalífnum þar sem spurningar um hvað sé siðferðilega rétt eða rangt koma upp. Sá sem tileinkar sér siðferðilega færni og viðhorf í viðskiptum reynir að stunda þau á siðferðilega réttan hátt (Páll Skúlason, 1990).

Í eðli sínu er siðfræði flókin og því getur reynst erfitt að tryggja gott siðferði í félögum og oft flókið að greina siðferðilega réttar athafnir frá röngum athöfnum. Hinn endanlegi siðferðilegi sannleikur verður seint fundinn, en oft er deilt um hvað sé siðferðilega rétt og rangt í athöfnum manna í viðskiptum eða á öðrum sviðum mannlífsins. Fólk hefur mismunandi væntingar og athafnir þeirra hafa afleiðingar í för með sér sem oft getur verið erfitt að sjá fyrir. Það sem hjálpar er að oftast ríkir sátt um siðferðileg verðmæti, svo sem eins og réttlæti, frelsi og ást (Páll Skúlason, 1990).

Erfitt getur verið að alhæfa um siðferði þar sem aðstæður og ákvarðanir eru oft ólíkar, því má segja að það sé hvorki algilt né afstætt. Það snýr að því að viðkomandi skoði stöðugt eigið gildismat með gagnrýnum hætti, greinir aðstæður og leitast við að rökstyðja ákvarðanir sínar með bestu fánlegum rökum hverju sinni, um leið og jafnt tillit er tekið til hagsmuna annarra sem athafnir manns snerta (James Rachels, 1997).

Viðskiptasiðfræði hefur verið vinsælt viðfangsefni síðustu ár hjá hinum ýmsu starfsstéttum þar sem leitast er við að skilgreina hvaða hegðun er rétt og röng. Fræðimenn virðast þó ekki vera sammála um hvernig eigi að skilgreina viðskiptasiðfræði. Flestir eru þó sammála um að hún geti ekki verið aðskilin siðferði einstaklingsins og að viðskiptin verði aldrei siðferðilega réttari en þeir aðilar sem vinna að þeim (Páll Skúlason, 1990).

## 2.3 Siðareglur

Siðferðilegar skyldur beinast að okkur í formi siðareglna eða siðaboða. Flestar siðareglur eru sjálfsagður þáttur í lífi okkar og við veitum þeim ekki sérstaka eftirtekt nema það komi upp aðstæður þar sem ekki liggur í augum uppi hvað gera skuli. Siðferðileg umhugsun felst í því að viðkomandi reynir að gera sér ljósar þær reglur sem eiga við í ákveðnum tilvikum og hvernig bregðast skuli við í ljósi aðstæðna hverju sinni. Með því að gera sér grein fyrir skyldum sínum og taka ákvarðanir á grundvelli þeirra, eykur siðferðilegan þroska (Sigurður Kristinsson, 1991).

Starfi endurskoðanda fylgja ákveðnar skyldur og um leið sérstakar siðareglur. Þrátt fyrir að þær séu oft augljós framlenging á þeim siðareglum sem almennt gilda í samfélaginu hefur það þótt gagnlegt að halda skrá yfir þær reglur sem gilda fyrir ebdurskoðendum.

Faglegum dyggðum má skipta í hinn tæknilega og siðferðilega þátt. Fólk verður að hafa kunnáttu og vit á þeim störfum sem það sinnir og er það hluti af tæknilegu hlið starfsdyggðanna. Má þar nefna að löggiltir endurskoðendur þurfa að hafa lokið ákveðnu námi og starfsreynslu áður en þeir fá löggildinguna. Sá sem sinnir starfi sínu vel séð frá þessari hlið og kann vel til verka, er í raun sérfræðingur á tilteknu sviði. Þessari tæknilegu færni er yfirleitt hægt að beita á fleiri vegu og í margvíslegri tilgangi en viðkomandi starf felur í sér. Starfsfólki nægir því ekki að tileinka sér einungis tæknilega færni og kunnáttu, heldur er einnig þörf á faglegum dyggðum, eða siðferðilega þættinum. Siðferðileg færni og kunnáttu starfsfólks leiðir til þess að störfin þjóna sínum eiginlega tilgangi í þágu samfélagsins. Með því að tileinka sér siðferðilega þætti er hægt að koma í veg fyrir að eingöngu sé beitt tæknilegri færni án þess að huga að siðferðilegu hliðinni (Sigurður Kristinsson, 1991). Siðareglurnar eru þá settar fram sem reglur og gildi til viðmiðunar um hvernig við eigum að hegða okkur. Með þeim er reynt að aðstoða fólk við að taka ákvarðanir þegar erfið siðferðileg málefni koma upp, bæði í starfi eða persónulega. Siðareglurnar þurfa að vera settar skýrt fram og vera einfaldar í notkun, á þann hátt geta þær hjálpað starfsfólki og öðrum með því að leiðbeina í þeim ákvörðunum sem snúa að siðferði í starfi (Ketill Berg Magnússon, 2016).

Samkvæmt Sigurði Kristinssyni í bókinni *Siðareglur*, hlýst mikill ávinningur af skráningu siðareglna. Í fyrsta lagi geta skráðar siðareglur orðið til þess að auðveldara er að brýna fyrir fólki hverjar skyldur þeirra séu. Þær minna starfsmenn þannig reglulega á þá ábyrgð sem starfið felur í sér. Í öðru lagi geta þær orðið til þess að starfsfólk þarf ekki langa umhugsun í hvert sinn sem upp koma siðferðileg álitæfni af einhverju tagi. Þannig geta skráðar siðareglur miðlað uppsafnaðri reynslu og gert þann sem fær þær í hendurnar við

upphaf starfsferils síns betur undir það búinn en ella að taka ákvarðanir í erfiðum málum sem takast þarf á við á viðkomandi starfssviði. Í þriðja lagi þegar starfsstétt skráir siðareglur sínar eykst samheldni innan stéttarinnar. Starfsgreinafélag sem hefur skráð siðareglur sínar gerir alla félagsmenn ábyrga fyrir því sem sett hefur verið á blað. Sameiginlegar siðareglur eru sameign félagsmanna sem þeir eru sameiginlega ábyrgir fyrir og ýta undir ábyrgðartilfinningu hvers og eins. Skráðar siðareglur verða því eins konar sáttmáli innan stéttarinnar um það hvernig störfín skuli unnin. Skráðar siðareglur eiga í fjórða lagi að gegna því mikilvæga hlutverki að jafna ágreining eða skera úr deilum. Þannig beina siðareglurnar ágreiningsefnum í viðurkenndan farveg sem tryggir að raunverulega sé tekið á málunum og þau leyst á grundvelli skynsamlegra raka, fremur en á tilviljunarkenndan hátt með málamiðlunum eða öðrum úrskurðum sem taka ekki mið af því sem málin snúast í raun og veru um. Í fimmta lagi ef siðareglur starfsgreina eru skráðar eru þær gerðar ljósar almenningi. Ef þær miða að því að gera miklar kröfur til starfsfólksins má vænta þess að stéttin öðlist meira traust og álit út á við. Í sjötta lagi eiga skráðar siðareglur svo að vera fólki hvatning til að vanda til verka sinna og breytni (Sigurður Kristinsson, 1991).

Siðareglur FLE eru settar endurskoðendum og er þeim skylt að fara eftir þeim í starfi sínu (Lög um endurskoðendur nr. 79/2008). Skráðar siðareglur eru því vænleg leið í átt að betri starfsvenjum og ábyrgara hugarfari í garð starfsins og skuldbindinganna sem því fylgja. Þrátt fyrir að skráning þeirra sé ekki trygging fyrir því að þær gegni þessu hlutverki, þá má undir engum kringumstæðum líta svo á að skráðar reglur geti leyst af hólmi siðferðilega dómgreind og þá ábyrgð sem fylgir reglunum (Sigurður Kristinsson, 1991).

## **2.4 Siðareglur endurskoðenda**

Siðareglur FLE eru í raun hluti af lögum um endurskoðendur, en samkvæmt þeim skulu allir íslenskir endurskoðendur hlíta ákvæðum siðareglanna. Fram kemur í lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur að þeir skuli fylgja siðareglum sem settar hafa verið af FLE, lög þessi tóku gildi í janúar árið 2009. Á aðalfundi FLE 14. nóvember árið 2009 voru samþykktar siðareglur sem gilda fyrir alla endurskoðendur á Íslandi. Siðareglurnar voru uppfærðar og samþykktar á aðalfundi FLE þann 5. nóvember árið 2010. Með samþykki á aðalfundi FLE og staðfestar af ráðherra efnahags- og viðskiptamála 29. september 2010 og öðluðust reglurnar þá gildi. Siðareglurnar byggja á siðareglum alþjóðasamtaka endurskoðenda (IFAC) Code of Ethics for

Professional Accountants frá því árið 2005. En FLE er aðili að samtökunum (Félag löggiltra endurskoðenda, 2013).

Í siðareglum FLE eru settar fram lágmarkskröfur til endurskoðenda, reglurnar skiptast í þrjá hluta. Í A-hluta er siðareglum lýst í grundvallaratriðum og svo úrlausnaraðferðum við beitingu þeirra. Í B- og C- hluta reglnanna er lýsing á því hvernig skal beita úrlausnaraðferðum við ólíkar aðstæður. B-hlutinn á við um starfandi endurskoðendur og C-hlutinn gildir um endurskoðendur sem starfa við annað en endurskoðun (Félag löggiltra endurskoðenda, 2013).

Í siðareglunum koma fram fimm grundvallarreglur sem endurskoðendur skulu hlíta. Þær eru:

**Heilindi** – þar sem fjallað er um skyldur endurskoðenda, að hreinskiptni og heiðarleiki sé haft að leiðarljósi í öllum samskiptum og sanngirni í viðskiptum.

**Hlutlægni** – þar sem fjallað er um skyldur endurskoðenda, að stofna ekki dómgreind sinni í hættu vegna hagsmunaárekstra, að sýna ekki hlutdrægni eða óviðeigandi áhrif frá öðrum. Endurskoðandi þarf að geta skoðað gögn og sett fram skoðun sína án þess að hægt sé að draga í efa hag hans af slíkri vinnu.

**Fagleg hæfni og varkárni** – þar sem fjallað er um skyldur endurskoðenda til að viðhalda faglegri þekkingu og hæfni til að tryggja að viðskiptavinur eða vinnuveitandi fái faglega þjónustu í samræmi við ríkjandi framþróun í starfsgreininni, við lagasetningu og í starfsaðferðum. Endurskoðendum er skylt að ljúka að lágmarki 120 klukkustunda endurmenntun á þriggja ára festi, líkt og 7. gr. laga um endurskoðendur segir til um.

**Trúnaður** – þar sem fjallað er um skyldur endurskoðenda til að gæta trúnaðar í faglegum og viðskiptalegum samskiptum sínum. Ekki veita þriðja aðila upplýsingar nema hafa sérstaka heimild til þess eða það sé réttmæmt eða skylt samkvæmt lögum. Trúnaður helst einnig þó starfssambandi ljúki.

**Fagleg hegðun** – þar sem fjallað er um skyldur endurskoðenda til að fara eftir viðkomandi lögum og reglum. Þeim er einnig óheimilt að haga sér á þann hátt að það geti kastað rýrð á orðspor stéttarinnar. Orðspor endurskoðenda skiptir miklu máli fyrir starfsgreinina þar sem það er mjög mikilvægt að almennt ríki traust á endurskoðunarstéttinni.

(Félag löggiltra endurskoðenda, 2013)

## 2.5 Ógnanir og varúðarráðstafanir

Endurskoðendur eiga það til að lenda í aðstæðum sem ógnar fylgni við grundvallarreglurnar og er hvattir til að horft sé framhjá þeim. Þessar ógnanir geta verið margvíslegar, eins geta þær bæði verið í reynd eða í ásýnd og því ómögulegt að skilgreina þær allar og tilgreina viðeigandi varúðarráðstafanir. Siðareglurnar móta sérstakar úrlausnaraðferðir sem krefjast þess að endurskoðandi bregðist rétt við þessum ógnunum. Honum er skylt að meta allar ógnanir með hliðsjón af grundvallarreglunum. Ef hann telur þær vera óásættanlegar skal hann ákvarða með faglegu mati hvort hægt sé að beita varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir þær eða draga úr þeim svo þær teljast ásættanlegar. Ef ske kynni að ógnanir séu svo miklar að ekki sé hægt að koma í veg fyrir þær á þennan hátt eða beita réttum varúðarráðstöfunum skal endurskoðandi hafna eða hætta viðkomandi þjónustu.

Algengustu ógnanir sem endurskoðendur verða fyrir eru eftirfarandi:

**Eigin hagsmunaógnun** - er ógnun sem getur haft óviðeigandi áhrif á faglegt mat endurskoðanda eða hegðun vegna fjárhagslegra eða annarra hagsmuna. Til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra kemur fram í siðareglunum að starfandi endurskoðandi skal gera viðeigandi varúðarráðstafanir til að greina þær aðstæður sem geta leitt til hagsmunaárekstra. Má þar nefna ógnun við hlutlægni þegar endurskoðandi er í beinni samkeppni við viðskiptavin eða á hlut í félagi með helsta keppinauti viðskiptavinar. Einnig má nefna að ógnun við hlutlægni getur skapast þegar endurskoðandi veitir viðskiptavini þjónustu þar sem hagsmunaárekstur getur orðið eða ef þá greinir á um viðkomandi mál eða viðskipti.

**Sjálfsmatsógnun** - er ógnun sem er til staðar þegar endurskoðandi metur ekki með réttum hætti niðurstöðu veittrar þjónustu eða fyrra mat af sinni hálfu eða annars einstaklings innan fyrirtækisins, þegar endurskoðandi þarf síðar að leggja mat á sínar eigin niðurstöður í tengslum við veitta þjónustu.

**Málsvarnarógnun** - getur skapast þegar endurskoðandi heldur fram afstöðu eða skoðun viðskiptavinar að því marki að ógnað gæti hlutlægni hans.

**Vinfengisógnun** - getur skapast þegar endurskoðandi hefur átt í löngu og nánú sambandi við viðskiptavin eða vinnuveitanda. Endurskoðandi hefur því of mikla samúð með hagsmunum hans eða gagnvart viðtöku verkefna frá honum.



**Þvingunarógnun** - er þegar endurskoðandi er vísvitandi hindraður í að starfa af hlutlægni vegna raunverulegra aða ætlaðra hótana, tilraunir til að hafa óviðeigandi áhrif á störf hans.

Varúðarráðstafanir sem endurskoðendur nota eru aðgerðir eða ráðstafanir sem notaðar eru til að koma í veg fyrir eða draga úr ógnunum og koma þeim niður á ásættanlegt stig. Þessar varúðarráðstafanir má skipta í tvo meginflokka. Varúðarráðstafanir sem starfsstéttin setur sér sjálf eða lög og reglugerðir skapa og síðan þær sem gerðar eru í starfsumhverfinu (Félag löggiltra endurskoðenda, 2013).

### **3 Endurskoðendur og umhverfi þeirra**

Gerð hefur verið grein fyrir ábyrgð og helstu verkefnum endurskoðenda í lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur og samkvæmt þeim er skilgreiningin á endurskoðanda eftirfarandi:

*„Endurskoðandi er sá sem hefur þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum og öðrum fjárhagsupplýsingum, hefur löggildingu til starfa við endurskoðun og fullnægir að öðru leyti skilyrðum laga þessara“* (Lög um endurskoðendur nr. 79/2008).

#### **3.1 Hlutverk og ábyrgð**

Hlutverk og ábyrgð endurskoðenda er ákvarðað í lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur og samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA). Hlutverk endurskoðenda er að staðfesta ársreikninga fyrirtækja og þær upplýsingar sem koma þar fram með því að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilin. Niðurstaða endurskoðandans er sett fram í áliti hans sem kemur fram í árituninni á reikningsskilunum. Samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum er það hlutverk endurskoðanda að fá nægilega vissu fyrir því að reikningsskilin séu laus við verulegar villur, vegna mistaka eða af völdum sviksemi. Þar sem endurskoðun er háð takmörkunum gefur hún ekki fulla vissu um að ársreikningurinn sé að öllu leyti réttur (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011).

Í lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur er skilgreining á endurskoðun eftirfarandi:

„Óháð og kerfisbundin öflun gagna og mat á þeim í þeim tilgangi að láta í ljós rökstutt og faglegt álit endurskoðanda um áreiðanleika þeirra og framsetningu í samræmi við lög, settar reikningsskilareglur eða önnur skilyrði sem fram koma í álitsgerðinni“ (Lög um endurskoðendur nr. 79/2008).

Endurskoðendur setja sér mikilvægismörk sem notuð eru við mat á áhrifum af óleiðréttum skekkjum sem koma fram við endurskoðun og við skipulagningu hennar. Mikilvægismörk hafa því mikil áhrif á ákvörðun á umfangi endurskoðunarinnar, þar sem þau tákna hámarksfjárhæð villna sem hægt er að samþykkja án þess að óskað sé eftir leiðréttingu á ársreikningsskilum. Þær upplýsingar sem eru notaðar við endurskoðunina verða að vera skráðar á skipulegan hátt og endurskoðendur verða að hafa ótakmarkaðan aðgang að þeim gögnum sem notuð eru við endurskoðunina (Félag löggiltra endurskoðenda, 2003).

Samkvæmt mikilvægisreglunni eru þær upplýsingar sem koma fram í ársreikningi mikilvægar ef þær hafa áhrif á þær efnahagslegu ákvarðanir sem lesendur taka á grundvelli upplýsinga ársreiknings. Við ákvörðun mikilvægismarkna þurfa endurskoðendur því að beita faglegu mati, með mögulega notendur ársreikninga í huga og horfa til óhlutdrægra og hlutdrægra þátta (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011).

Endurskoðandi kemur ekki að ákvarðanatöku stjórnenda hjá því fyrirtæki sem hann endurskoðar og eins er innra eftirlit ekki á hans ábyrgð. Hann er einungis óháður aðili sem hefur því hlutverki að gegna að staðfesta upplýsingar en ekki að setja þær fram í reikningsskilin (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011).

Endurskoðendur eru bundnir þagnarskyldu um þær upplýsingar og gögn sem þeir hafa aðgang að vegna stöðu sinnar. Þeim er ekki heimilt að tjá sig opinberlega eða við einstaka aðila um aðstæður fyrirtækisins eða þá vinnu sem fer fram við endurskoðunina. Einungis er undantekning frá þagnarskyldu ef dómari úrskurðar eða skylt sé að veita upplýsingarnar fyrir dómi, veita lögreglu upplýsingar eða lögum samkvæmt. Þrátt fyrir þagnarskyldu þeirra eru einnig ákvæði í lögum um upplýsingaskyldu þeirra. Ef endurskoðandi telur nauðsynlegt að gera athugasemdir eða koma með ábendingar, þarf hann að koma þeim á framfæri við stjórn eða stjórnendur. Það sama á við þegar skipt er um endurskoðanda, þá þarf að veita nýjum endurskoðanda aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum um það fyrirtæki sem endurskoðað er (Lög um endurskoðendur nr. 79/2008).

Í 27. gr. laga um endurskoðendur er fjallað um ábyrgð þeirra en þar segir: „Endurskoðandi ber ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valda í störfum sínum, af

*ásetningi eða gáleysi. Um sakarmat og sönnun gilda reglur skaðabótaréttar“ (Lög um endurskoðendur nr. 79/2008).*

### **3.2 Löggiltur endurskoðandi**

Löggiltur endurskoðandi þarf að hafa heimild til að starfa sem slíkur, hafa réttindi til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum og öðrum fjárhagsupplýsingum. Til þess að öðlast löggildingu til endurskoðunarstafa þarf að uppfylla ákveðin skilyrði. Viðkomandi þarf að hafa lokið meistaranámi í endurskoðun og reikningsskilum sem viðurkennt er af endurskoðendaráði. Hann þarf að hafa lokið þriggja ára starfsþjálfun undir handleiðslu löggilts endurskoðanda hjá endurskoðunarfyrirtæki en að því loknu þarf viðkomandi að standast sérstakt löggildingarpróf. Einnig þarf viðkomandi að hafa lögheimili hér á landi eða vera ríkisborgari aðildarríkis að Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja. Hann þarf að vera lögráða og hafa haft forræði yfir búi sínu síðastliðin þrjú ár og hafa óflekkað mannorð, svo sem áskilið er til kjörgengis til Alþingis. Að auki er viðkomanda skylt að hafa í gildi starfsábyrgðatryggingu (Lög um endurskoðendur nr. 79/2008).

### **3.3 Ársreikningar og áritanir**

Til að öðlast betri skilning á hlutverki og ábyrgð endurskoðenda er nauðsynlegt að þekkja um hvað ársreikningar snúast. Lög nr. 3/2006 um ársreikninga skylda öll hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og samlagshlutafélög til að semja ársreikning fyrir hvert reikningsár og skal reikningurinn vera saminn á ákveðnum grunnforsendum. Þegar ársreikningur er saminn skal ávallt gera ráð fyrir að fyrirtækið haldi starfsemi sinni áfram. Það skal gæta ýtrustu varkárni við mat á einstökum liðum í reikningnum. Beita skal matsaðferðum með hliðstæðum hætti frá ári til árs, færa tekjur og gjöld sem varða reikningsárið í ársreikninginn án tillits til hvenær greitt sé og einnig skal meta eigna- og skuldaliði til verðs. Við upphaf hvers reikningsárs skal efnahagsreikningur samsvara efnahagsreikningi við lok fyrra árs (Lög um ársreikninga 3/2006).

Tilgangur með gerð ársreikninga er að sýna rekstrarárangur fyrirtækis fyrir reikningsárið, fjárhagslega stöðu þess og breytingar á handbæru fé. Reikningurinn skal innihalda rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, skýrslu stjórnar og

skýringar, auk þess skal vera undirritun skoðunarmanns eða endurskoðanda. Ársreikningar skulu vera gerðir í samræmi við ákvæði ársreikningslaga og alþjóðlegra reikningsskilastaðla, sem auðveldar samanburð milli reikningsára og samanburð milli fyrirtækja (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011).

Stjórn og framkvæmdarstjóri fyrirtækis bera ábyrgð á ársreikningnum, á upplýsingunum sem þar birtast og að hann sé saminn í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Þeir skulu undirrita reikninginn þegar þeir telja að hann gefi glögga mynd af afkomu og fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Þeir eru einnig ábyrgir fyrir því að honum sé skilað til ársreikningaskrár á réttum tíma. Upplýsingarnar sem fram koma á ársreikningi teljast fullnægjandi ef þær skýra greinilega frá þeim upplýsingum sem kunna að hafa áhrif á lesendur reikningsskilanna.

Stjórn og framkvæmdarstjóri skulu koma á framfæri þeim upplýsingum og gögnum til endurskoðenda sem þeir telja að hafi þýðingu fyrir endurskoðun ársreiknings, þeir skulu afhenda endurskoðendum þær upplýsingar, gögn, aðstöðu og aðstoð sem þeir telja að þeir þurfi við endurskoðunina (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011).

Endurskoðandi endurskoðar ársreikninginn í samræmi við lög um endurskoðendur. Hann skal yfirfara reikninginn og kanna bókhaldsgögn fyrirtækisins og aðra þætti er varðar rekstur þess og stöðu (Lög um ársreikninga 3/2006). Endurskoðuninni lýkur svo með hinni eiginlegu áritun endurskoðandans. Í lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur kemur fram að endurskoðandi skal við lok endurskoðunar árita viðfangsefnið með áritun sem inniheldur upplýsingar og álit hans. Við gerð á ársreikningum skal hann fylgja ákvæðum síðareglna sem FLE hefur sett (Lög um endurskoðendur 79/2008).

Tegundir áritana eru eftirfarandi:

**Fyrirvaralaus áritun** - Endurskoðandi notar fyrirvaralaus áritun þegar hann álitur svo að ársreikningur gefi glögga mynd af rekstri, efnahagi og sjóðsstreymi fyrirtækis og að hann sé saminn í samræmi við settar reikningsskilareglur. Þessi áritun er langalgengasta áritunin.

**Fyrirvaralaus áritun með ábendingamálsgrein** - Þegar endurskoðandi álitur að fyrirvaralaus áritun sé við hæfi en telur ástæðu til að hann bendi lesendum reikningsskilanna á tiltekið atriði í ársreikningnum, getur hann notað fyrirvaralaus áritun með ábendingamálsgrein.

**Áritun með fyrirvara** - Endurskoðandi notar áritun með fyrirvara þegar hann álitur að ársreikningur gefi glögga mynd af rekstri, efnahagi og sjóðsstreymi fyrirtækis fyrir utan þau atriði sem hann gerir fyrirvara um.

**Áritun án álits** - Þegar endurskoðandi hefur ekki náð að afla nægjanlegra gagna til að styðjast við álit sitt og hugsanleg áhrif á ársreikninginn eru bæði veruleg og víðtæk þá notar hann áritun án álits.

**Áritun með neikvæðu álit** - Þegar endurskoðandi hefur safnað nægilegum gögnum og álitur svo að í ársreikningnum séu villur, bæði verulegar og víðtækar, þá notar hann áritun með neikvæðu álit (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011).

### **3.4 Væntingabil**

Væntingabil hefur lengi verið til umfjöllunar meðal endurskoðenda en það er skilgreint sem bilið á milli þess sem þeir telja sig vera að gera og þess sem markaðurinn heldur að þeir séu að gera. Óljóst er hvort almenningur viti í raun hvert hlutverk og ábyrgð endurskoðenda er í raun. Samkvæmt rannsókn McEnroe & Martens telja fjárfestar og almenningur að endurskoðendur beri mun meiri ábyrgð en þeir í raun gera (John E. McEnroe og Stanley C. Martens, 2001).

Erlendis hafa verið gerðar margar rannsóknir sem sýna fram á tilvist væntingabilsins, þar sem munur á væntingum almennings um ábyrgð endurskoðenda og ábyrgðar þeirra í eigin starfi. Væntingabil má að einhverju leyti skýra með því að endurskoðendur hafa ekki verið mjög virkir í opinberri umræðu og fjalla lítið opinberlega um störf sín. En talið er að aukin gagnrýni á störf endurskoðenda og aukningu dómsmála gegn þeim megi rekja til væntingabils á milli endurskoðenda og almennings (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011).

#### **3.4.1 Aðgerðir til að takmarka væntingabil**

Í ljósi þess hve neikvæð áhrif væntingabil hefur á ímynd endurskoðenda hafa rannsakendur um allan heim leitað leiða til að takmarka og jafnvel reynt að koma í veg fyrir að það skapist. Árið 2011 gaf FLE út bækling með það að markmiði að kynna starf endurskoðandans betur og minnka það væntingabil sem til staðar er. Í bæklingnum er hlutverk og ábyrgð endurskoðandans skilgreint og farið yfir það hvað endurskoðun felur í sér á aðgengilegan hátt (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011).

Samkvæmt rannsóknum má minnka væntingabilið með fræðslu til viðskiptavina, fjárfesta og annarra hagsmunaaðila. Margir álíta að séu reikningsskil árituð séu þau einnig endurskoðuð. Notendur eru því ekki nægilega upplýstir um störf þeirra og þær reglur sem gilda um þau (Epstein, M. J., og Geiger, M. A., 1994).

Breyting á áritun endurskoðenda er leið til að minnka væntingabilið. Með því að auka skilning hagsmunaaðila á ábyrgð þeirra, að áritunin innihaldi mun meiri upplýsingar um endurskoðunarferlið. Nýr staðall mun taka gildi fyrir áritanir sem eru gerðar eftir 15. desember 2016, ISA 701 (e. Communicating Key Audit Matters in the Independent Auditors' Report). Staðallinn á við um áritun hjá einingum tengdum almannahagsmunum og fleiri aðilum ef endurskoðendur telja það viðeigandi. Áritunin kemur til með að greina frá veigamiklum viðfangsefnum endurskoðunarinnar sem rædd hafa verið við stjórnendur félagsins og þannig auka skilning notenda reikningsskilanna (International Federation of Accountants, 2016).

### **3.5 Lög um endurskoðendur**

Frumvarp til breytinga á lögum um endurskoðendur var lagt fram samhliða frumvarpi til breytinga á lögum um ársreikninga árið 2008. Með frumvarpinu var miðað að því að innleiða áttundu félagatilskipun Evrópuþingsins og Evrópuráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga. Með frumvarpinu er leitast eftir að skýra skyldur endurskoðenda, tryggja óhæði þeirra og bæta eftirlit með þeim og störfum þeirra. Ráðgert er að öll endurskoðun hér á landi fari fram í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Þá var einnig lagt til að tekin yrði upp skylduáðild endurskoðenda að FLE og að ríkar kröfur yrði gerðar til endurmenntunar, sambærilegar því sem tíðkast í nágrannalöndum okkar. Enn fremur var lagt til að endurskoðendur sæti reglubundnu gæðaeftirliti og gerðar verði auknar kröfur um óhæði endurskoðenda. Innleiðing á tilskipuninni kallaði jafnframt á breytingar á lögum um ársreikninga og miðaði frumvarpið að því að lögin öðluðust gildi 1. janúar 2009 (Þingskjal 827, 2007-2008).

Lög nr. 79/2008 um endurskoðendur tóku gildi 1. janúar 2009. Fyrsti kafli laganna fjallar um almenn ákvæði en þar er farið yfir skilgreiningar á helstu hugtökum sem koma fram í lögnum, þar kemur meðal annars fram skilgreiningin á endurskoðun, endurskoðanda og endurskoðunarfyrirtækjum. Annar kafli laganna fjallar um réttindi endurskoðenda. Þar er meðal annars fjallað um skilyrði sem þeir þurfa að uppfylla til að öðlast löggildingu og þar

kemur fram að endurskoðendum er heimilt að stofna félag um rekstur endurskoðunarfyrirtækis í því formi sem þeir sjálfir kjósa. Þá kemur einnig fram að endurskoðendum sé skylt að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu og að þeim sé skylt að sækja endurmenntun. Þriðji kafli laganna fjallar um starfsemi endurskoðenda. Þar kemur meðal annars fram að endurskoðandi skal fylgja ákvæðum þeirra laga og reglna sem gilda um störf þeirra. Hann skal starfa samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum og fylgja siðareglum sem settar eru af FLE. Fjórði kafli laganna fjallar um Félag löggiltra endurskoðenda. Endurskoðendur skulu hafa með sé fagfélag sem nefnist Félag löggiltra endurskoðenda og er öllum endurskoðendum skylt að vera félagsmenn. Þeir kaflar sem koma í kjölfarið eru endurskoðendaráð, óhæði endurskoðenda, gæðaeftirlit, brottfall endurskoðunarréttinda, skaðabætur og refsingar og ýmis ákvæði (Lög um endurskoðendur nr. 79/2008).

### **3.6 Endurmenntun**

Ríkar kröfur eru gerðar til endurskoðenda um endurmenntun en þeir eru skyldugir til að sækja endurmenntun sem nemur að lágmarki 20 klukkustundir á ári og samtals 120 klukkustundir á þriggja ára fresti. Endurmenntunin skal tryggja að endurskoðandi viðhaldi fræðilegri þekkingu, faglegri hæfni og faglegum gildum. Endurmenntun á að tryggja að endurskoðendur viðhaldi þeim kröfum sem þarf til að standast próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa. Fjöldi klukkustunda í endurmenntun skal eins og áður segir vera samtals 120 klukkustundir. Þeim er skipt þannig að lágmarki séu 30 klukkustundir á sviði endurskoðunar, 20 klukkustundir á sviði reikningsskila og fjármála, 15 klukkustundir á sviði skatta- og félagaréttar og 10 klukkustundir á sviði siðareglna og faglegra gilda. Þær 45 klukkustundir sem eftir eru skulu síðan leggjast ofan á það svið sem á við (Innanríkisráðuneytið, 2011).

Endurmenntun felst m.a. í þátttöku endurskoðenda í faglegum námskeiðum og ráðstefnum, í faglegu nefndarstarfi og gæðaeftirliti, í kennslu og fyrirlestrarstörfum og við blaða og greinaskrif. Það er á ábyrgð endurskoðenda að meta hvort endurmenntunin standist þessar kröfur og skulu þeir skrá endurmenntun sína jafnóðum í rafræna gagnaskrá frá FLE. Árlega fær endurskoðendaráð yfirlit yfir endurmenntun endurskoðenda og hefur ráðið eftirlit með því hvort endurskoðendur uppfylli þær kröfur sem gerðar eru um endurmenntun (Innanríkisráðuneytið, 2011).

### 3.7 Að skipta um endurskoðanda

Í 20. gr laga nr. 79/2008 um endurskoðendur er fjallað um starfstíma þeirra. Samkvæmt þeim lögum helst starf endurskoðanda þangað til annar tekur við ef ekki er samið um annað, né annað kemur fram í samþykktum fyrirtækisins. Þó getur endurskoðandi látið af störfum áður en ráðningartíma hans lýkur en honum ber að tilkynna starfslok og ástæður þess til endurskoðendaráðs. Þegar nýr endurskoðandi tekur við störfum skal hann snúa sér til fráfarandi endurskoðanda og fá upplýstar ástæður fyrir starfslokum hans, en fráfarandi endurskoðandi er skyldugur til að upplýsa ástæður sínar, sem og að veita nýja endurskoðandanum aðgang að öllum þeim upplýsingum sem kunna að skipta máli um fyrirtækið sem endurskoðað er (Lög um endurskoðendur nr. 79/2008).

Þegar endurskoðandi tekur við nýjum viðskiptavinum eru ákveðnar aðgerðir sem þarf að framkvæma. Það þarf að kynnast mögulega viðskiptavininum með því að skoða allar þær fjárhagsupplýsingar er hann varðar, það þarf að spyrjast fyrir hjá þriðja aðila um heiðarleika hans og fá gagnlegar upplýsingar frá fyrrverandi endurskoðanda. Þá þarf að íhuga hvort mögulegi viðskiptavinurinn standi frammi fyrir óvenjulegri viðskipta- eða endurskoðunaráhættu. Það þarf að tryggja að endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrirtækið sé óháð hinum mögulega viðskiptavini. Að lokum skal ákvarða hvort endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtækið hafi nægilega hæfni eða þekkingu til að taka að sér viðskiptavininn og hvort það brjóti í bága við siðareglur eða aðrar viðeigandi reglur að taka hann að sér (Elín Hanna Pétursdóttir, 2016).

Samkvæmt rannsókn Andrew og félagar um áhrif þess að skipta um endurskoðendur (e. mandatory audit rotation), þá sýndu niðurstöður að gæði endurskoðunarinnar eykst ekki við að skipta um endurskoðanda, heldur aukast gæðin samhliða starfsaldri endurskoðanda við viðskiptavin. Það er mikill kostnaður á fyrstu stigum endurskoðunarinnar og að gera kröfur um að fyrirtæki skipti reglulega um endurskoðanda býr til óþarfa kostnað fyrir bæði viðskiptavininn og endurskoðandann. Langt samstarf getur ógnað óhæði endurskoðenda, þó er ekki talið að hægt sé að koma í veg fyrir ógnunina með því að skipta um endurskoðanda (Jackson, Moldrich og Roebuck, 2008).

Hér á landi er það lögfest skv. 20. gr. laga nr 79/2008 um endurskoðendur að endurskoðandi sem ber ábyrgð á endurskoðun einingar sem tengd er almannahagsmunum skal taka sér hlé frá endurskoðun þeirrar einingar eigi síðar en sjö árum eftir að honum var falið verkið og skal hléið vara í a.m.k tvö ár samfelld (Lög um endurskoðendur nr. 79/2008).



Þegar talað er um einingu tengda almannahagsmunum er átt við að einingin sé þjóðhagslega mikilvæg og þykir þá rétt að gera auknar kröfur um áreiðanleika og óhæði þegar kemur að endurskoðun hennar (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011). Einnig skulu þau fyrirtæki sem koma að endurskoðun eininga tengda almannahagsmunum birta árlega á vefsíðu sinni skýrslu um gagnsæi. Í skýrslu endurskoðunarfyrirtækis um gagnsæi skal eftirfarandi koma fram:

- *Lýsing á félagsformi og eingarhaldi*
  - *Lýsing á lagalegu og skipulagslegu fyrirkomulagi samstarfsfyrirtækja endurskoðenda sem það kann að tilheyra*
  - *Lýsing á stjórnskipulagi þess*
  - *Lýsing á innra gæðaeftirlitskerfi og yfirlýsing frá stjórn um skilvirkni þess.*
  - *Upplýsingar um hvernær síðasta gæðaeftirlit fór fram*
  - *Skrá yfir einingar tengdar almannahagsmunum sem það hefur annast lögboðna endurskoðun fyrir á næstliðnu fjárhagsári*
  - *Upplýsingar um óhæðisreglur ásamt staðfestingu um að þeim hafi verið fylgt.*
  - *Upplýsingar um heildarveltu, sundurliðað eftir þónun fyrir endurskoðun og aðra þjónustu á næstliðnu fjárhagsári*
- 
- *Upplýsingar um endurmenntunarstefnu*
  - *Upplýsingar um grundvöllinn fyrir starfkjörum eigenda (Lög um endurskoðendur nr. 79/2008)*

## **4 Ímynd og ásýnd endurskoðenda**

### **4.1 Óhæði endurskoðenda**

Óhæði er ein af grundvallarforsendunum til að skapa traust á endurskoðuninni. Nauðsynlegt er að endurskoðandi sé bæði óháður í reynd og ásýnd svo starfandi endurskoðanda sé kleift að láta í ljós álit án hlutlægni, hagsmunaárekstra eða áhrifa annarra. Þannig getur endurskoðandi aukið traust og trúverðugleika um að þær upplýsingar sem þeir árita séu áreiðanlegar. Fram kemur í 19. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur að í endurskoðunarverkefnum skal endurskoðunarfyrirtæki og endurskoðandi vera óháður viðskiptavini sínum, bæði í reynd og ásýnd. Það er skylda hans að framkvæma ekki

endurskoðun ef einhver tengsl eru á milli endurskoðandans og viðskiptavinar sem eru til þess fallin að vekja efa um óhæði hans hjá vel upplýstum þriðja aðila. Þar má nefna atvinnutengsl, bein eða óbein fjárhagsleg tengsl eða viðskiptatengsl önnur en leiðir af endurskoðuninni. Endurskoðendur verða að vera fjárhagslega ótengdir þeim félögum sem þeir vinna fyrir ( Lög um endurskoðendur nr. 79/2008).

Endurskoðanda er því með öllu óheimilt að eiga persónuleg samskipti eða önnur tengsl við viðskiptavin sinn sem getur haft áhrif á óhæði endurskoðandans. Í siðareglum endurskoðenda í B-hluta í kafla 290.6 kemur fram að óhæði felur í sér:

- Óhæði í reynd er hugarástand sem gerir endurskoðanda kleift að láta í ljós álit án þess að hafa orðið fyrir áhrifum sem geta stofnað faglegu mati í hættu. Þetta gerir einstaklingi mögulegt að starfa af heilindum og beita faglegri dómgreind og hlutlægni í mati sínu.
- Óhæði í ásýnd er þegar endurskoðandi reynir að forðast tengsl og aðstæður sem hafa svo mikla þýðingu að óvilhallur og upplýstur þriðji aðili væri líklegur til að álykta, á grundvelli allra aðstæðna og staðreynda. Að hlutlægni, heilindum eða faglegri tortryggni fyrirtækis eða meðlims endurskoðunarteymis hafi verið stefnt í hættu (Félag löggiltra endurskoðenda, 2013).

Endurskoðendum er skylt að beita úrlausnaraðferðum við að bera kennsl á ógnanir við óhæði og í framhaldinu meta vægi þeirra. Ef þörf er á skal beita varúðarráðstöfunum til að eyða ógnunum eða draga úr þeim svo þær verði ásættanlegar. Við mat á aðstæðum skal endurskoðandi nota faglega dómgreind við beitingu úrlausnaraðferða. Með faglegri dómgreind er átt við sérfræðivinnu sem ekki fylgir strangri reglugerð í endurskoðunar- eða reikningsskilastöðlum. En þá hefur endurskoðandinn svigrúm til að veita og meta hvað sé rétt að gera (Félag löggiltra endurskoðenda, 2013). Þar sem margar og ólíkar aðstæður geta skipt máli við mat er ógerlegt að skilgreina allar aðstæður sem skapa ógnanir við óhæði og tilgreina viðeigandi aðgerðir sem grípa skal til. Siðareglurnar skilgreina því úrlausnaraðferðir þar sem þess er krafist að fyrirtæki og meðlimir endurskoðunarteymis greini, meti og bregðist við ógnunum. Endurskoðandi skal þó skjalfesta allar ógnanir og tilgreina viðeigandi varúðarráðstafanir (Lög um endurskoðendur nr. 79/2008).

Þess er krafist að endurskoðandi sem áritar, staðfesti skriflega að farið hafi verið eftir viðeigandi óhæðisreglum gagnvart verkefningu. Þannig felst ábyrgð þeirra í því áliti sem þeir láta í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar (Sigurður B. Arnþórsson, 2015).

Samkvæmt Coffee hefur hlutfall ráðgjafafjónustu gagnvart endurskoðun aukist mikið frá árinu 1990. Fyrir þann tíma hafði hún verið óverulegur hluti af starfi endurskoðanda. Mat Coffee er að með því að reiða sig sífellt meira á tekjur fyrir ýmsa ráðgjafafjónustu fórnðu endurskoðendur óhæði sínu sem er einn af hornsteinum endurskoðunarstarfsins (Coffee, J, 2002).

## 4.2 Þóknun og aðrar tegundir umbunar

Í siðareglum endurskoðenda er þóknun sérstaklega tekin fyrir enda er hún einn af þeim þáttum sem oft er nefndur þegar rætt er um óhæði endurskoðenda gagnvart viðskiptavini. Á milli endurskoðanda og viðskiptavinar er ákveðið hagsmunasamband þar sem endurskoðandi fær greidda þóknun fyrir störf sín. Annars vegar endurskoðunarstörf og ráðgjafastörf hins vegar. Eðlilegt er því að meta sem svo að endurskoðandi vilji þóknast viðskiptavini sínum og ekki eiga á hættu að missa þóknun sína, til dæmis með því að gefa út neikvætt álit (Félag löggiltra endurskoðenda, 2013).

Til að endurskoðendur haldi óhæði sínu þarf ábyrgð hans gagnvart hluthöfum eða öðrum notendum reikningsskilanna að vera meira virði en þóknun viðskiptavinarins. Ef fyrirtækið er of háð þóknunum frá tilteknum viðskiptavini geta skapast eiginhagsmuna- eða þvingunarógnanir þar sem fyrirtækið þarf að reiða sig á viðskiptin (Félag löggiltra endurskoðenda, 2013).

Í 21 gr. í lögum nr. 79/2008 um endurskoðun kemur fram um þóknun:

*„Þóknun fyrir endurskoðun skal við það miðuð að hún geri endurskoðanda kleift að komast að rökstuddri niðurstöðu í samræmi við þær faglegu kröfur sem settar eru fram í lögum þessum og gilda almennt um störf endurskoðenda“ (Lög um endurskoðendur nr. 79/2008).*

Þóknunina má ekki tengja við neitt annað en endurskoðunina sjálfa. Þegar samið er um faglega þjónustu tilgreinir endurskoðandi þá greiðslu sem hann telur hæfilega fyrir umsamið verk. Endurskoðendur setja ekki endilega fram sama gjaldið, sú staðreynd að einn

endurskoðandi setji fram lægra gjald er ekki ósiðleg. Þrátt fyrir það getur skapast eiginhagsmunaaógnun gagnvart faglegrri hæfni og varkárni, sé verðið svo lágt að erfitt getur reynst að vinna verkið samkvæmt gildandi kröfum og viðurkenndum stöðlum.

Sé þóknun gjaldfallin getur skapast ógnun vegna eiginhagsmuna þar sem endurskoðandi hefur ekki fengið greidda þóknun frá viðskiptavinum í langan tíma. Helst er hætta ef umtalsverður hluti er ekki greiddur fyrir áritun endurskoðanda á reikningsskil fyrir næsta ár. Sé þóknun enn ógreidd eftir að áritun hefur átt sér stað skal meta tilvist og vægi ógnunar og beita varúðarráðstöfunum eftir þörfum. Eigninhagsmunaaógnun getur einnig skapast ef fyrirtæki semur um skilyrta þóknun fyrir staðfestingarverkefni. Skilyrt þóknun er reiknuð á fyrirfram ákveðnum grundvelli og tekur mið af niðurstöðum eða árangri viðskipta eða framkvæmdar af vinnu fyrirtækisins (Félag löggiltra endurskoðenda, 2013).

### 4.3 Gjafir og risna

Í B-hluta siðareglna FLE eru endurskoðendur hvattir til að vera á verði gagnvart aðstæðum og tengslum sem endurskoðendur geta lent í og ógnað því að þeir fylgi grundvallarsíðareglum. Ekki er hægt að lýsa öllum þeim aðstæðum sem endurskoðandi kann að lenda í. En starfandi endurskoðandi skal ekki vísitandi taka þátt í neinum viðskiptum, starfsemi eða atferli sem gæti kastað rýrð á heilindi, hlutlægni eða orðspor stéttarinnar og þar með talist ósamrýmanlegt grundvallarreglunum (Félag löggiltra endurskoðenda, 2013).

Þegar endurskoðandi þiggur gjafir eða risnu frá viðskiptavinum sínum getur það skapað eiginhagsmuna- og vinfengisógnanir. Þegar endurskoðunarfyrirtæki eða meðlimur endurskoðunarteymis þiggur gjafir eða risnu eru engar varúðarráðstafanir sem geta dregið úr slíkum ógnunum við óhæði svo þær verði ásættanlegar, nema gjafirnar séu smávægilegar og því áhrifslausar. Risna er skilgreind sem sá kostnaður sem lagt er í til að ljúka viðskiptum, afla nýrra viðskiptasambanda eða halda þeim við, svo sem veiðiferðir, veitingakostnaður og varningur úr gjafavöruslunum. Samkvæmt síðareglunum skulu fyrirtæki eða meðlimir endurskoðunarteymisins ekki þiggja slíkar gjafir eða risnu (Félag löggiltra endurskoðenda, 2013).

Endurskoðendum og tengdum aðilum kann að vera gefnar gjafir eða boðið risna frá viðskiptavinum. Viðskiptavinur vill jafnvel þakka endurskoðanda með því að gefa gjöf sem þakklætisvott fyrir viðskiptin og til að auka tryggð og velvild. Þrátt fyrir það geta forsendur fyrir gjöfum verið misjafnar og erfitt getur verið að segja til um hvort annað liggi undir þegar

gefnar eru slíkar gjafir í viðskiptum. Þar getur verðmæti gjafarinnar einnig spilað inn í, hvort um er að ræða smáræðisþakklætisvott fyrir góða þjónustu eða dýra gjöf. Meta þarf hvort slíkar gjafir eða risna geti skapað ógnanir gagnvart fylgni við grundvallarreglur siðareglna FLE. Hætta er á að það skapist eiginhagsmuna- eða vinfengisógnun við hlutlægni ef tekið er við gjöf frá viðskiptavini. Þá getur ógnun við hlutlægni vegna þvingunar skapast ef möguleiki er á að slíkt yrði gert opinbert. Meta þarf ógnunina eftir eðli, virði og tilgangi með boðinu (KPMG, 2013).

## 5 Fagfélög

### 5.1 Félag löggiltra endurskoðenda

Félag löggiltra endurskoðenda (FLE) var stofnað 16. júlí árið 1935 af fyrstu átta löggiltum endurskoðendum landsins. En saga félagsins og endurskoðunar á Íslandi eru mjög samtvinnuð þar sem fá ár líða frá því að endurskoðun festir sig í sessi hér á landi sem starfsgrein og þar til FLE var stofnað (Sigurður Tómasson, 1995).

Samkvæmt lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur er hlutverk FLE að stuðla að faglegri framþróun í endurskoðun og skyldum greinum (Lög um endurskoðendur nr. 79/2008).

Samkvæmt heimasíðu FLE hefur félaginu frá upphafi verið ætlað það hlutverk að efla samstarf um hagsmuni og menningarmál endurskoðunarstéttarinnar, þá skal félagið vinna að hagsmuna- og framfaramálum á starfssviði endurskoðenda og vera vettvangur skoðanaskipta um fagleg málefni stéttarinnar (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011).

Grunngildin í starfsemi félagsins eru heilindi, óhæði og traust. Þessi grunngildi endurspeglast í siðareglum endurskoðenda. FLE miðlar upplýsingum um faglegt efni og starfsemi sína til félagsmanna auk þess sem félaginu er ætlað að kynna hlutverk og störf endurskoðenda. Það er í höndum félagsins að annast endurmenntun félagsmanna og að tryggja að fjölbreytt framboð sé á endurmenntun sem uppfyllir mismunandi þarfir félagsmanna. FLE hefur boðið upp á námsstyrkjasjóð, en markmið hans er að efla þekkingu stéttarinnar með því að styrkja einstaklinga sem stunda framhaldsnám í endurskoðun og reikningshaldi eða stofnanir sem standa fyrir slíku námi (Félag löggiltra endurskoðenda, 2012).

Samkvæmt samþykktum FLE er tilgangur félagsins að:

- *Viðhalda og auka faglega þekkingu félagsmanna*
- *Vinna að samræmingu á vinnubrögðum félagsmanna*
- *Vinna að bættri þjónustu félagsmanna við viðskiptavini sína og aðra, er byggja á störfum þeirra*
- *Að vinna að kynningu á starfssviði félagsmanna*
- *Að vera í forsvari fyrir félagsmenn sem heild á opinberum vettvangi*
- *Að gæta hagsmuna félagsmanna sem tengjast störfum þeirra sem endurskoðenda*
- *Að vera vettvangur fyrir gagnkvæm kynni félagsmanna*
- *Að vinna að því að almennt aðhald sé með starfsemi og framkvæmd starfa endurskoðenda*
- *Að koma fram fyrir hönd endurskoðenda gagnvart dómstólum og stjórnvöldum um þau málefni sem stétt þeirra varða*

(Félag löggiltra endurskoðenda, 2014, bls. 1)

Stjórn félagsins skal skipuð fimm félagsmönnum, þar af skal vera einn formaður og einn varaformaður. Þeir skulu vera kosnir sérstaklega til eins árs í senn. Innan félagsins skulu vera sex fastanefndir, þær eru: Álitsnefnd, Endurskoðunarnefnd, Menntunarnefnd, Reikningsskilanefnd, Skattanefnd og Gæðanefnd. Auk framangreindra nefnda getur stjórn félagsins skipað sér við hlið aðrar sérstakar nefndir sem skulu annast tiltekin málefni innan félagsins (Félag löggiltra endurskoðenda, 2014).

Skv. lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur þá eru öllum endurskoðendum skylt að vera félagsmenn FLE. Í lögunum kemur einnig fram að FLE sé talsmaður stéttarinnar gagnvart dómstólum og stjórnvöldum um þau málefni er varðar stéttina. Auk þess skal félagið annast önnur verkefni í samráði við endurskoðunarráð. Félagið skal setja siðareglur fyrir endurskoðendur sem þeim er skylt að starfa eftir að fenginni staðfestingu frá ráðherra á reglunum. Félagið skal sjá til þess að reglulega séu haldin námskeið sem fullnægja kröfum um endurmenntun, ásamt því að halda skrá utan um endurmenntun sem endurskoðendur sækja. Þá skal félagið annast gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda, halda skrá yfir gildandi starfsábyrgðatryggingu þeirra og halda skrá yfir þá starfsmenn sem eru í starfsþjálfun (Lög um endurskoðendur nr. 79/2008).

FLE er aðili að Alþjóðasamtökum endurskoðenda (IFAC) en þau samtök gefa út alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er endurskoðendum á Íslandi skylt að framfylgja þeim

stöðlum. Félagið er einnig aðili að Norræna endurskoðunarsambandinu (NRF) en undanfarin ár hefur mikil alþjóðavæðing og samræming á vinnu endurskoðenda átt sér stað. Því hefur FLE haft það hlutverk að koma upplýsingum frá erlendum fagfélögum til félagsmanna sinna og stuðlað þannig að faglegri framþróun í endurskoðun á Íslandi (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011).

## 5.2 Alþjóðasamband endurskoðenda

Alþjóðasamband endurskoðenda IFAC (e. The international Federation of Accountants) var formlega stofnað á ráðstefnu endurskoðenda í München árið 1977. IFAC samanstendur nú af 164 aðildarfélögum frá 125 löndum með um 2,5 milljónir endurskoðenda og sérfræðinga á sviði endurskoðunar og reikningshalds. Tilgangur IFAC er að tryggja og viðhalda sífelldri þróun á sviði endurskoðunar og reikningshalds á heimsvísu með samræmdum stöðlum sem endurskoðendur starfa eftir. Þannig er hægt að tryggja að störf þeirra í þágu almennings verði ávallt í hæsta gæðaflokki. Siðanefnd IESBA (e. International Ethics Standards Board for Accountants) var svo sett á laggirnar í kjölfarið.

Siðanefnd IESBA sér um að þróa og gefa út siðareglur undir nafni IFAC um allan heim. FLE er aðildarfélag að IFAC og ber því að stuðla að upptöku þeirra siðareglna sem samtökin gefa út. Í 9 gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur segir að þeir skuli rækja störf sín í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og alþjóðlega staðla um gæðaeftirlit sem teknir hafa verið upp í íslenskum rétti. Samkvæmt þessu skal endurskoða í samræmi við alla útgefna alþjóðlega endurskoðunarstaðla sem í gildi eru og ná til þess verkefnis sem verið er að vinna að. Ekki má gefa til kynna að verkefni sé unnið í samræmi við staðlana nema það sé gert að öllu leyti (Lög um endurskoðendur nr. 79/2008).

Samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum ISA (e. International Standards on Auditing) sem settir hafa verið af IFAC ber endurskoðendum að fara eftir siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar eru komnir vel á fjórða tuginn og fjalla þeir meðal annars um meginreglur endurskoðunar, hinar ýmsu skyldur þeirra, áhættumat við endurskoðun, endurskoðunargögn, endurskoðunaraðgerðir og niðurstöður endurskoðunar (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011).

Alþjóðlega reikningsskilaráðið IASB (e. The International Accounting Standards Board) er nefnd á vegum IFAC sem gefur út alþjóðlega staðla um endurskoðun, ráðgjöf,

gæðaeftirlit og aðra ráðgjöf sem endurskoðendur veita. Við gerð staðlanna var leitað álits og leiðsagnar frá aðildarfélögum alþjóðasamtaka endurskoðenda, eftirlitsaðila, fyrirtækja, ríkisstofnana, fjárfesta og almennings. Lögð er áhersla á gagnsæi staðlanna og eru allir fundir og ráðstefnur opnar almenningi og öll fundargögn opin á heimasíðu IASB. Stefna IASB er að auka mikilvægi og gæði endurskoðunarinnar og auðvelda samræmingu á stöðlunum á heimsvísu og upptöku og notkun þeirra. Eitt af meginmarkmiðum IASB er að auka traust almennings á endurskoðunarstéttinni (International Federation of Accountants, e.d.).

### 5.3 Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir IFRS (e. International Financial Reporting Standards) eru gefnir út af Alþjóðlega reikningsskilaráðinu IASB (e. International Accounting Standards Board). Reikningsskilastaðlarnir eru leiðbeinandi reglur sem stjórnendum ber að vinna eftir við gerð ársreiknings, þannig að hann gefi glögga mynd af afkomu og efnahag fyrirtækisins (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011).

Notkun IFRS á Íslandi er byggð á ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Þeir hafa lagalegt gildi hér á landi með samþykki reglugerðar nr. 181/2006. Reglugerðin nær til þeirra félaga sem er skylt að semja samstæðureikningsskil og reikningsskil í samræmi við IFRS, eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu (Deloitte, 2015).

Tilgangur alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna IFRS var að samræma reikningsskil í alþjóðasamfélaginu. Stöðlunum er nú beitt víðast hvar um heiminn við gerð reikningsskila en mikil þróun hefur orðið bæði í dreifingu og notkun IFRS-staðla um heiminn. Könnun á vegum Alþjóða reikningsskilaráðsins hefur leitt í ljós að krafa um notkun staðlanna er gerð í flestum löndum heimsins og er vel á veg komin. Má þar nefna Kína sem hefur gert töluverðar breytingar á sínum reikningsskilareglum í átt að IFRS. Samkvæmt nýlegri könnun á vegum félags enskra og velskra endurskoðenda (ICAEW) á þeim áhrifum sem innleiðing IFRS hefur á fjármálamarkaði í Evrópu bendir til aukins gagnsæis og bætts samanburðarhæfis í reikningsskilum. Með því að notast við alþjóðlegu reikningsskilareglurnar verður samanburður við önnur félög auðveldari auk þess sem aðgangur að erlendu fjármagni verður greiðari þar sem erlendar lánastofnanir hafa þekkingu á stöðlunum (Deloitte, 2015).



## **6 Eftirlitsaðilar**

Eftirlitsaðilar með endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum eru mikilvægir fyrir endurskoðunarstéttina. Þeir sem koma helst að eftirliti með endurskoðendum og störfum þeirra eru endurskoðendaráð, Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið og Fjármálaeftirlitið. Ásamt eftirliti utanaðkomandi aðila er endurskoðunarnefnd starfrækt innan fyrirtækja er varða almannahagsmuni („Eftirlitsaðilar”, e.d.).

### **6.1 Endurskoðendaráð**

Endurskoðendaráð er sett samkvæmt ákvæði í lögum nr. 79/2008, þar segir að ráðherra skuli skipa svokallað endurskoðendaráð. Hlutverk þess er að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki starfi örugglega í samræmi við ákvæði laga, siðareglur FLE og aðrar reglur sem gætu átt við um endurskoðendur (Endurskoðendaráð, e.d.).

Endurskoðendaráðið annast einnig eftirlit með að fram fari reglulegt gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda og einnig val á gæðaeftirlitsmönnum til að tryggja óhæði milli eftirlitsmanna og þeim sem eftirlitið beinist að. Eftirlitsmennirnir skulu vera endurskoðendur með mikla reynslu. Endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum er skylt að sæta gæðaeftirlit ekki sjaldnar en á sex ára fresti. Markmið gæðaeftirlitsins er að tryggja að starfað sé í samræmi við siðareglur FLE og lög nr. 79/2008 um endurskoðendur sem taka störf þeirra fyrir. Gæðaeftirlitið felur í sér könnun á gæðakerfi endurskoðunarfyrirtækis, gæðastjórnun endurskoðenda og skoðun vinnuskjala eftir því sem við á. Eftirlitið nær til allra þeirra sem sinna endurskoðun, það getur beinst til endurskoðunarfyrirtækja í heild sinni þar sem sameiginlegt gæðastjórnunarkerfi ríkir í fyrirtækinu og einnig til einstakra endurskoðenda sem endurskoðar og áritar reikningsskil (Endurskoðendaráð, e.d.).

### **6.2 Fjármálaeftirlitið**

Fjármálaeftirlitið sinnir opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi í samræmi við III. kafla laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum. Hlutverk þess er að hafa óbeint eftirlit með endurskoðendum fjármálafyrirtækja. Það veitir eftirlitsskyldum aðilum uppbyggilegt og markvisst aðhald og styður við mótun á skilvirkri og traustri

fjármálastafsemi. Fjármálaeftirlitið sinnir eftirliti sínu með því að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sem um starfsemina gilda. Einnig starfar það á grundvelli alþjóðlegra grunnreglna um árangursríkt eftirlit á hverju sviði fjármálamarkaðar. Á alþjóðavettvangi er lögð áhersla á að eftirlit með fjármálastarfsemi einstakra landa sé samræmt og skilvirkt. Þannig er leitast við að stuðla að aukinni samkeppnishæfni fjármálamarkaða (Fjármálaeftirlitið, e.d.).

### **6.3 Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneyti**

Hlutverk Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytisins er að fara með framkvæmd og eftirlit laga um endurskoðendur og ráðherra setur reglugerðir á grundvelli þeirra. Ráðuneytið heldur einnig úti skrá yfir löggilta endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki. Ráðuneytið setur reglur um skráninguna og þær upplýsingar sem skulu koma fram þar, auk þess að fella niður það sem ekki á lengur við (Félag löggiltra endurskoðenda, e.d.).

### **6.4 Endurskoðunarnefnd**

Í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga er farið fram á að í tengslum við einingar sem tengjast almannahagsmunum skuli starfa endurskoðunarnefnd. Þar má nefna lífeyrissjóði, lánastofnanir og félög með leyfi til að reka váttryggingarstarfsemi. Stjórn einingar ber ábyrgð á að skipuð sé endurskoðunarnefnd. Hún skal skipuð þremur mönnum lágmark og skipuð eigi síðar en mánuð eftir aðalfund. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda og meirihluti þeirra skal jafnframt vera óháður einingunni. Árlega skal endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki gera endurskoðunarnefnd grein fyrir störfum og óhæði sínu og skila skriflegri skýrslu um mikilvæg atriði sem fram hafa komið við endurskoðunina. Sérstaklega skal tekið fram í skýrslunni veikleikar í innra eftirliti í vinnuferli við gerð reikningsskila.

Endurskoðunarnefnd skal meðal annars hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:

- *Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila*
- *Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á og áhættustýringu*

- *Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar*
- *Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis*
- *Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki*  
(Lög um breytingu á lögum nr. 3/2006)

## **7 Rannsókn**

Rannsakendur höfðu áhuga á að rannsaka hvort siðareglur FLE hefðu áhrif á störf endurskoðenda. Sérstaklega var tekið tillit óhæðis og gjafa og risnu. Einnig var þekking almmenings á störfum endurskoðenda rannsökuð.

Því voru lagðar fyrir tvær spurningakannanir, önnur könnunin var send á endurskoðendur og hin var opin almenningi til að svara. Út frá markmiðum rannsóknarinnar voru settar upp viðeigandi rannsóknarspurningar og tilgátur settar fram.

### **7.1 Rannsóknarspurning og tilgátur**

1. Hafa siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda áhrif á störf endurskoðenda?  
Tilgátan er sú að siðareglurnar hafi jákvæð áhrif á störf þeirra.
2. Telja endurskoðendur viðeigandi að fá gjafir eða risnu frá viðskiptavini?  
Tilgátan er sú að þeim finnst viðeigandi að fá smávægilega gjöf en óviðeigandi að fá veglega gjöf.
3. Er almenningur nægilega upplýstur um störf endurskoðenda?  
Tilgátan er sú að almenningur sé ekki nægilega upplýstur um störf endurskoðenda.
4. Er óhæði endurskoðenda alltaf gætt?  
Tilgátan er sú að óhæði endurskoðenda getur ekki alltaf verið tryggt þar sem Ísland er lítið samfélag.

## **8 Rannsóknaraðferð**

Í þessum kafla munu rannsakendur fara yfir hvernig þátttakendur voru valdir, hvernig gagnaöflun fór fram, hvaða mælitæki voru notuð og hvernig rannsóknin var framkvæmd.

Við framkvæmd rannsóknarinnar var notast við meginlega aðferðafræði sem byggir á tölfræðimælingum og útskýrir þannig viðfangsefnið. Markmið meginlegra rannsókna er að greina og safna upplýsingum á tölfræðilegu formi, sem síðan eru notaðar til þess að sýna fram á tengsl milli ólíkra einstaklinga eða hópa í rannsóknum, tilraunum eða könnunum. Þegar notast er við meginlega rannsókn ákveður rannsakandi hvað á að rannsaka og lagðar eru fyrir fyrirfram ákveðnar lokaðar spurningar. Gögnin eru mælanleg, greind tölfræðilega og hægt að alhæfa um þau út frá úrtaki rannsakenda. Notast var við könnun við gerð þessarar rannsóknar. Hún er góð leið til þess að ná til margra í einu og er oft notast við þá aðferð þegar verið er að rannsaka skoðanir, viðhorf og hegðun einstaklinga. Kannanir eru einnig góður valkostur til þess að rannsaka tengsl og fylgni milli viðfangsefna, líkt og gert var í þessari rannsókn (Creswell, J. W., 2008).

## **8.1 Þátttakendur og gagnaöflun**

Þýðið sem notast var við í rannsókninni eru allir löggiltir endurskoðendur sem eru meðlimir í FLE. Vefkönnunin var send á alla endurskoðendur sem eru með skráð netföng á heimasíðu félagsins (fle.is), aðeins var sent á þá er höfðu virk endurskoðunarleyfi. Skráðir meðlimir félagsins með virk endurskoðunarleyfi voru 384 talsins, þar af voru einnig 15 netföng sem voru ekki virk og þrír tilkynntu um að hafa látið af störfum.

Heildarfjöldi þýðisins var því 366 löggiltir endurskoðendur. Svarhlutfallið var tæplega 39% eða samtals 142 löggiltir endurskoðendur. Allir þátttakendur kláruðu vefkönnunina þrátt fyrir að einhverjum spurningum hafi verið sleppt af einstökum þátttakanda.

Vefkönnunin sem var lögð fyrir almenning var sett fram sem hentugleikaúrtak þar sem þátttakendur völdu hvort þeir tækju þátt eða ekki, því er einungis ályktað um þessa svarendur. Ómögulegt er að tala um þýði. Þátttakendur voru 142 talsins, allir þátttakendur kláruðu vefkönnunina þrátt fyrir að einhverjum spurningum hafi verið sleppt af einstökum þáttakanda.

## **8.2 Mælitæki**

Mælitækið sem notað var við rannsóknina var vefkönnun sem samanstóð af spurningarlista sem saminn var af rannsakendum og settur fram með hjálp tölvuforritsins Google Forms, þar sem hægt er að útbúa spurningarlista á netinu. Með því að nota vefkönnun er hægt að ná til

stærri hóps á tiltölulega auðveldan hátt. Til að auka svarhlutfall spurninga var reynt að hafa orðalag skýrt og einfalt til að svarendur skilji spurningarnar og svari þeim frekar.

Vefkönnunin sem send var til löggiltra endurskoðenda, eins og sjá má í viðauka A, innihélt 22 spurningar sem var ætlað að varpa ljósi á ýmsa þætti varðandi siðferði og siðareglur löggiltra endurskoðenda. Spurt var fjögurra bakgrunnsspurninga um aldur, kyn, hvort viðkomandi starfi sem endurskoðandi á þessari stundu og starfsaldur. Spurningar 5-22 fjölluðu um siðareglurnar, viðhorf almennings, óhæði, eftirlit, gjafir og risnu. Spurningarnar voru flestar settar fram á Likert-kvarða, þar sem svarmöguleikarnir voru fimm, þeir voru í jafnvægi og með miðju. Tvær spurningar voru síðan settar fram með tveimur svarmöguleikum, já eða nei.

Vefkönnunin sem var sett fram fyrir almenning innihélt ellefu spurningar. Fyrstu þrjár spurningarnar voru bakgrunnsspurningar. Spurningar 4-11 voru settar fram á Likert-kvarða, þar sem svarmöguleikarnir voru fimm, þeir voru í jafnvægi og með miðju. Með vefkönnuninni var leitast eftir að varpa ljósi á hversu vel almenningur taldi sig þekkja hlutverk og ábyrgð endurskoðenda, siðferði þeirra og þá sérstaklega skoðun þeirra á gjöfum og risnu frá viðskiptavinum.

### 8.3 Framkvæmd

Vefkönnunin sem lögð var fyrir löggilta endurskoðendur var lögð fyrir í gegnum tölvupóst, notast var við vefkönnunarforritið Google Forms. Þátttakendur fengu bréf um rannsóknina ásamt hlekk á vefkönnunina. Tölvupósturinn var sendur út þriðjudaginn 1. nóvember. Rannsóknin var látin liggja fyrir í átta daga. Eftir sex daga eða mánudaginn 7. nóvember var send áminning á þátttakendur til að auka svarhlutfall enn frekar. Reynt var að hvetja til þátttöku með skilaboðunum: Skiptir siðferði þig máli?

Vefkönnunin sem lögð var fyrir almenning var sett fram á Facebook, þar var einnig notast við vefkönnunarforritið Google Forms. Rannsóknin var látin liggja fyrir í þrjá daga og bárust svörin dagana 8. nóvember til 11. nóvember.

Fylgibréf fylgdi báðum spurningalistum þar sem óskað var eftir þátttöku, útskýrt hver tilgangur könnunarinnar væri og þátttakendum tilkynnt að þeim væri hvorki skylt að svara einstökum spurningum né spurningalistanum í heild sinni. Þá var þeim einnig lofað að ekki væri hægt að rekja svör til einstakra þátttakenda. Að lokum var fyrirfram þakkað fyrir þátttöku.

#### **8.4 Greining gagna og úrvinnsla**


Að lokinni gagnasöfnun lokuðu rannsakendur fyrir frekari svörun. Niðurstöður voru dregnar saman og gögn hreinsuð svo hægt væri að vinna úr þeim á viðeigandi hátt og setja niðurstöðurnar fram í þessari rannsókn. Unnið var úr niðurstöðum í tölvuforritinu Microsoft Excel. Tíðnigreining var gerð á öllum spurningum og voru niðurstöður sýndar í súluritum.

## 9 Niðurstöður

Í þessum kafla verður fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar. Niðurstöðukaflinn skiptist í tvennt. Fyrri hlutinn fjallar um niðurstöður úr könnun sem send var á löggilta endurskoðendur og seinni hlutinn fjallar um niðurstöður úr könnun sem opin var almenningi til að svara. Í lokin var gerður samanburður á niðurstöðum úr báðum könnunum.


### 9.1 Löggiltir endurskoðendur

Í hópi löggiltra endurskoðenda voru 366 einstaklingar sem fengu spurningalistann sendan í gegnum tölvupóst. Alls bárust 142 svar sem er 39% svarhlutfall. Af þeim einstaklingum sem tóku þátt í könnuninni var 73% þeirra karl og 27% þeirra konur, sjá má á mynd 1.




Mynd 1: Kynjahlutfall þátttakenda

Önnur spurningin í spurningakönnuninni var um aldursbil þátttakenda. Stærsti hluti þeirra var á aldursbilinu 30-45 ára eða 40,7%. Einungis 1,4% þátttakenda voru á aldursbilinu 20-29 ára, um 34% voru á aldursbilinu 46-59 ára og 24% þátttakenda voru 60 ára eða eldri. Sjá má aldursdreifingu á mynd 2.



**Mynd 2: Aldursdreifing þátttakenda**

Næstu tvær spurningar voru hvort viðkomandi væri starfandi við endurskoðun á þessari stundu og hver væri starfsaldur viðkomandi sem endurskoðandi. Alls voru 78% þátttakenda sögðust vera starfandi sem endurskoðendur á þessari stundu og 22% þeirra sögðu að svo væri ekki. Starfsaldur þeirra var frekar dreifður en dreifinguna má sjá á mynd 3. Flestir höfðu starfað í 21 ár eða meira við endurskoðun.




**Mynd 3: Starfsaldur sem endurskoðandi**




### 9.1.1 Siðferði endurskoðenda

Eins og nefnt hefur verið er meginmarkmið þessarar ritgerðar að rannsaka hvort siðareglur FLE hafi áhrif á störf endurskoðenda. Tilgáta rannsakenda er sú að siðareglur FLE hafi jákvæð áhrif á störf þeirra. Fyrsta spurningin varðandi siðferði endurskoðanda er hversu jákvætt eða neikvætt viðhorf viðkomandi hefur til siðareglna FLE. Svarmöguleikarnir við þessari spurningu voru mjög jákvætt, fremur jákvætt, í meðallagi, fremur neikvætt og mjög neikvætt. Næstum allir þátttakendur höfðu jákvætt viðhorf gagnvart siðareglunum en 52,2% þeirra sögðust hafa mjög jákvætt viðhorf og 37% þátttakenda höfðu fremur jákvætt viðhorf. Einungis 10% svöruðu í meðallagi og 0,7% þeirra höfðu mjög neikvætt viðhorf gagnvart þeim. Sjá má niðurstöður á mynd 4.




Mynd 4: Viðhorf endurskoðenda á siðareglum FLE

Í spurningu númer tvö varðandi siðferði endurskoðenda var kannað hversu sammála eða ósammála viðkomandi væri að endurskoðendur störfuðu almennt eftir siðareglum FLE. Svarmöguleikarnir við þessari spurningu voru mjög sammála, fremur sammála, í meðallagi, fremur ósammála og mjög ósammála. Langstærsti hluti þátttakenda var sammála því en 46% þeirra voru mjög sammála og 40,3% þeirra voru fremur sammála. Alls 10,1% þátttakenda svaraði í meðallagi og 3,6% þeirra voru fremur ósammála. Sjá má niðurstöður á mynd 5.



**Mynd 5: Skoðun um að endurskoðendur starfi almennt eftir siðareglum**

Þriðja spurningin varðaði siðferði endurskoðenda var hversu fullnægjandi eða ófullnægjandi viðkomandi fyndist eftirlit með siðareglum FLE vera á sínum vinnustað. Svarmöguleikarnir voru mjög fullnægjandi, fremur fullnægjandi, í meðallagi, fremur ófullnægjandi og mjög ófullnægjandi. Alls 60,6% þátttakenda töldu eftirlitið vera mjög fullnægjandi og 33,8% þeirra töldu það fremur fullnægjandi. Alls 18,8% þeirra svöruðu í meðallagi, 6% þeirra töldu eftirlitið vera fremur ófullnægjandi og 0,8% þeirra töldu eftirlitið vera mjög ófullnægjandi.




**Mynd 6: Eftirlit með siðareglum á viðkomandi vinnustað**

### 9.1.2 Gjafir og risna


Önnur rannsóknarspurning sem rannsakendur höfðu áhuga á að fá svar við var hvort endurskoðendum fyndist viðeigandi að fá gjafir eða risnu frá viðskiptavini.

Tilgáta rannsakenda var sú að endurskoðendum fyndist viðeigandi að fá smávægilega gjöf eða risnu frá viðskiptavini en óviðeigandi ef hún væri vegleg. Fyrsta spurningin í könnuninni varðandi gjafir og risnu var hversu sammála eða ósammála viðkomandi væri að settar væru reglur um gjafir eða risnu frá viðskiptavini. Svarmöguleikarnir voru mjög sammála, fremur sammála, í meðallagi, fremur ósammála og mjög ósammála. Alls 50% þátttakenda var mjög sammála og 30% þeirra voru fremur sammála. Alls 10% þátttakenda svöruðu í meðallagi, 6% þeirra voru fremur ósammála og 4% mjög ósammála. Sjá má skoðanir þátttakenda á mynd 7.



Mynd 7: Skoðun á að settar séu reglur um gjafir og risnu frá viðskiptavini

Önnur spurning varðandi gjafir og risnu er hvort viðkomandi hafi fengið gjöf eða verið boðin risna frá viðskiptavini. Alls 30,4% þátttakenda svöruðu játandi en 69,6% þeirra sögðu hins vegar að þeim hefði aldrei verið gefin gjöf eða boðin risna af viðskiptavini. Niðurstöður má sjá á mynd 8.




**Mynd 8: Hefur viðkomandi verið gefin gjöf eða boðin risna af viðskiptavini**

Þriðja spurning varðandi gjafir og risnu var hvort viðkomandi hefði hafnað gjöf eða risnu frá viðskiptavini. Alls 25,4% þátttakenda hafði hafnað gjöf eða risnu frá viðskiptavini en 74,6% þeirra höfðu ekki gert það.


Fjórða spurning varðandi gjafir og risnu var hversu viðeigandi eða óviðeigandi viðkomanda fyndist að endurskoðandi fengi sérkjör hjá viðskiptavini sínum, til dæmis í formi afsláttar eða hagstæðari vaxtakara. Svarmöguleikarnir voru mjög viðeigandi, fremur viðeigandi, í meðallagi, fremur óviðeigandi og mjög óviðeigandi. Alls 4,3% þátttakenda töldu það mjög viðeigandi og 3,6% þeirra taldi það fremur viðeigandi. Alls 11,5% þeirra sögðu í meðallagi, 28,1% taldi það fremur óviðeigandi og 52,5% þeirra taldi það mjög óviðeigandi.

Fimmta spurning varðandi gjafir og risnu snerist um hversu viðeigandi eða óviðeigandi viðkomanda fyndist að endurskoðandi þæði smávægilega gjöf frá viðskiptavini, til dæmis rauðvínsflösku eða konfektkassa. Svarmöguleikarnir voru mjög viðeigandi, fremur viðeigandi, í meðallagi, fremur óviðeigandi og mjög óviðeigandi. Alls 12,9% þátttakenda töldu það vera mjög viðeigandi að fá smávægilega gjöf og 26,6% þeirra töldu það vera fremur viðeigandi. Alls 42,4% þeirra svöruðu í meðallagi, 12,2% töldu það vera fremur óviðeigandi og 5,8% þeirra töldu það vera mjög óviðeigandi. Sjá má niðurstöður á mynd 9.



**Mynd 9: Skoðun á smávægilegri gjöf frá viðskiptavini**

Sjötta spurning varðandi gjafir og risnu var hversu viðeigandi eða óviðeigandi viðkomandi fyndist að endurskoðandi þæði veglega gjöf frá viðskiptavini, til dæmis laxveiði eða utanlandsferð. Svarmöguleikarnir voru mjög óviðeigandi, fremur óviðeigandi, í meðallagi, fremur óviðeigandi og mjög óviðeigandi. Nánast allir voru sammála um að það væri óviðeigandi að endurskoðandi þæði veglega gjöf frá viðskiptavini en 1,4% þeirra töldu það vera mjög viðeigandi, 4,3% svöruðu í meðallagi, 10,1% þeirra töldi það fremur óviðeigandi og 84,1% þeirra töldu það mjög óviðeigandi. Sjá má niðurstöður á mynd 10.




**Mynd 10: Skoðun á veglegri gjöf eða risnu frá viðskiptavini**

### 9.1.3 Þekking á störfum endurskoðenda


Þriðja rannsóknarspurningin sem rannsakendur höfðu áhuga á að fá svar við var hversu vel almenningur þekkir til starfa endurskoðenda. Tilgátan var sú að almenningur þekkti ekki nægilega til starfa þeirra.

Fyrsta spurningin í könnuninni varðandi þekkingu á störfum endurskoðenda var hversu sammála eða ósammála viðkomandi er því að almenningur sé nægilega upplýstur um störf endurskoðenda og siðareglur FLE. Svarmöguleikarnir voru mjög sammála, fremur sammála, í meðallagi, fremur ósammála og mjög ósammála. Alls voru 10,1% þátttakenda mjög sammála og 4,3% þátttakenda voru fremur sammála. Alls 21,6% sögðu í meðallagi, 43,9% þeirra voru fremur ósammála og 20,1% var mjög ósammála. Sjá má niðurstöður á mynd 11.



Mynd 11: Skoðun á að almenningur sé nægilega upplýstur um störf endurskoðenda


Önnur spurning varðandi þekkingu á störfum endurskoðenda var hversu mikla eða litla þörf viðkomandi teldi vera á vitundarvakningu meðal almennings um starfsemi og skyldur endurskoðenda. Svarmöguleikarnir voru mjög mikla, fremur mikla, í meðallagi, fremur litla og mjög litla. Alls 31,7% þátttakenda töldu vera mjög mikla þörf á vitundarvakningu og 46,8% þeirra töldu vera fremur mikla þörf. Alls 15,8% þeirra svöruðu í meðallagi, 4,3% töldu vera fremur litla þörf og 1,4% þeirra töldu vera mjög litla þörf. Sjá má niðurstöður á mynd 12.



Mynd 12: Hversu mikla eða litla þörf viðkomandi telur vera á vitundarvakningu meðal almennings


#### 9.1.4 Óhæði endurskoðenda

Fjórða rannsóknarspurning sem rannsakendur höfðu áhuga á að fá svar við var hvort óhæði endurskoðenda væri alltaf gætt. Tilgátan var sú að óhæði endurskoðenda væri ekki alltaf hægt að tryggja þar sem Ísland er lítið samfélag. Fyrsta spurningin í könnuninni varðandi óhæði þeirra var hversu sammála eða ósammála viðkomandi væri að endurskoðandi geti verið algjörlega óháður í ásýnd í eins fámennu samfélagi og á Íslandi. Svarmöguleikarnir voru mjög sammála, fremur sammála, í meðallagi, fremur ósammála og mjög ósammála. Alls 13,7% þátttakenda voru mjög sammála, 38,1% þeirra var fremur sammála, 28,8% þeirra svöruðu í meðallagi, 18% þátttakenda voru fremur ósammála og 1,4% þeirra voru mjög ósammála. Sjá má niðurstöður á mynd 13.



**Mynd 13: Skoðun á að endurskoðandi geti verið algjörlega óháður**

Önnur spurning í könnuninni varðandi óhæði endurskoðenda var hversu sammála eða ósammála viðkomandi væri að óhæði endurskoðenda myndi styrkjast ef skjólstæðingar þyrftu að skipta reglulega um endurskoðanda. Svarmöguleikarnir voru mjög sammála, fremur sammála, í meðallagi, fremur ósammála og mjög ósammála. Alls 15,1% þátttakenda var mjög sammála, 25,8% þeirra voru fremur sammála, 28,8% svöruðu í meðallagi, 20,9% þeirra voru fremur ósammála og 6,5% þeirra voru mjög ósammála. Sjá má niðurstöður á mynd 14.




**Mynd 14: Styrkist óhæði endurskoðenda ef viðskiptavinir skipta reglulega um endurskoðanda**




Þriðja spurning í könnuninni varðandi óhæði var hversu sammála eða ósammála viðkomandi væri að endurskoðandi yrði hlutdrægari eftir því sem hann starfaði lengur fyrir skjólstæðinga sína. Svarmöguleikarnir voru mjög sammála, fremur sammála, í meðallagi, fremur ósammála og mjög ósammála. Alls 12,2% þátttakenda voru mjög sammála, 28,1% þeirra var fremur sammála, 30,9% þeirra svöruðu í meðallagi, 19,4% þeirra voru fremur ósammála og 9,4% þeirra voru mjög ósammála.

Fjórða spurning í könnuninni varðandi óhæði var hversu oft eða sjaldan viðkomandi hefði myndað svo nán tengsl við viðskiptavin sinn að það hefði ógnað óhæði hans. Svarmöguleikarnir voru mjög oft, fremur oft, í meðallagi, fremur sjaldan og mjög sjaldan. Alls 1,5% þátttakenda sögðu fremur oft, 7,4% þátttakenda svöruðu í meðallagi, 22,8% þeirra sögðu fremur sjaldan og 68,4% þeirra sögðu mjög sjaldan. Sjá mynd 15.



**Mynd 15: Hefur viðkomandi myndað svo nán tengsl við viðskiptavin að það hafi ógnað óhæði hans**


Fimmta spurning í könnuninni varðandi óhæði var hversu viðeigandi eða óviðeigandi viðkomandi teldi að sami endurskoðandi semdi reikningsskil og veitti svo endurskoðaða áritun á þau. Svarmöguleikarnir voru mjög viðeigandi, fremur viðeigandi, í meðallagi, fremur óviðeigandi og mjög óviðeigandi. Alls 4,5% þátttakenda sögðu mjög viðeigandi, 13,6% þeirra sögðu fremur viðeigandi og 27,3% svöruðu í meðallagi. Rúmlega helmingur þátttakenda var sammála um að það væri óviðeigandi en 27,3% þeirra sögðu fremur óviðeigandi og 27,3% þeirra sögðu mjög óviðeigandi. Sjá mynd 16.



**Mynd 16: Hversu viðeigandi eða óviðeigandi viðkomandi telur að sami endurskoðandi semji og veiti endurskoðaða áritun á reikningsskil**

## 9.2 Almennigur


Í hópi almennings voru 102 þátttakendur sem svöruðu könnuninni. Þátttakendurnir skiptust í 35% karlar og 65% konur. Aldur þeirra var töluvert dreifður en 42% þeirra var á aldursbilinu 20-29 ára, 33% þeirra voru á aldursbilinu 30-45 ára, 21% þeirra voru á aldursbilinu 46-59 ára og 4% þeirra voru 60 ára eða eldri. Sjá mynd 17.



**Mynd 17: Aldursdreifing þátttakenda**


### 9.2.1 Siðferði endurskoðenda

Rannsakendur ákváðu að skoða sjónarhorn almennings um siðferði endurskoðenda. Fyrsta spurningin í könnun til almennings var hversu jákvætt eða neikvætt viðhorf væri til siðferðis endurskoðenda. Svarmöguleikarnir voru mjög jákvætt, fremur jákvætt, í meðallagi, fremur neikvætt og mjög neikvætt. Alls 10% þátttakenda sögðust hafa mjög jákvætt viðhorf, 39% þeirra sögðu fremur jákvætt viðhorf, 45% þeirra svöruðu í meðallagi, 4% þeirra sögðu fremur neikvætt og 1% þeirra sagðist hafa mjög neikvætt. Sjá mynd 18.



Mynd 18: Viðhorf til siðferðis endurskoðenda


Önnur spurning varðandi siðferði endurskoðenda var hversu sammála eða ósammála viðkomandi væri að endurskoðendur störfuðu almennt eftir siðareglum FLE. Svarmöguleikarnir voru mjög sammála, fremur sammála, í meðallagi, fremur ósammála og mjög ósammála. Langflestir voru sammála því en 27% þátttakenda voru mjög sammála og 44% þeirra voru fremur sammála. Alls 25% þeirra svöruðu í meðallagi og 3% þeirra voru fremur ósammála. Sjá mynd 19.



**Mynd 19: Hversu sammála eða ósammála viðkomandi er að endurskoðandi starfi almennt eftir siðareglum**


### 9.2.2 Gjafir og risna

Rannsakendur höfðu áhuga á að skoða viðhorf almennings til gjafa og risnu til endurskoðenda frá viðskiptavini samhliða viðhorfi endurskoðenda. Fyrsta spurning varðandi gjafir og risnu var hversu sammála eða ósammála viðkomandi væri að settar væru reglur um gjafir og risnu til endurskoðenda. Svarmöguleikarnir voru mjög sammála, fremur sammála, í meðallagi, fremur ósammála og mjög ósammála. Um 50% þátttakenda var mjög sammála, 21% þeirra var fremur sammála, 18% þátttakenda svöruðu í meðallagi, 6% þeirra voru fremur ósammála og 4% þeirra voru mjög ósammála. Sjá mynd 20.



Mynd 20: Hversu sammála eða ósammála viðkomandi er að settar séu reglur um gjafir og risnu

Önnur spurning varðandi gjafir og risnu var hversu viðeigandi eða óviðeigandi viðkomanda fundist að endurskoðandi fengi smávægilega gjöf frá viðskiptavini, til dæmis rauðvínsflösku eða konfektkassa. Svarmöguleikarnir voru mjög viðeigandi, fremur viðeigandi, í meðallagi, fremur óviðeigandi og mjög óviðeigandi. Alls 11% þátttakenda töldu það vera mjög viðeigandi, 24% þeirra töldu það vera fremur viðeigandi, 28% þeirra svöruðu í meðallagi, 19% þeirra töldu það vera fremur óviðeigandi og 17% þeirra töldu það vera mjög óviðeigandi. Sjá mynd 21.




Mynd 21: Skoðun á smávægilegri gjöf

Þriðja spurning varðandi gjafir og risnu var hversu viðeigandi eða óviðeigandi viðkomanda fyndist að endurskoðandi fengi veglega gjöf eða risnu frá viðskiptavini, til dæmis laxveiði eða utanlandsferð. Svarmöguleikarnir voru mjög viðeigandi, fremur viðeigandi, í meðallagi, fremur óviðeigandi og mjög óviðeigandi. Alls 2% þátttakenda töldu það mjög viðeigandi, 4% þeirra töldu það fremur viðeigandi, 5% þeirra svöruðu í meðallagi, 34% þeirra töldu það fremur óviðeigandi og 55% þeirra töldu það mjög óviðeigandi.

### 9.2.3 Þekking á störfum endurskoðenda


Rannsakendum fannst efnið áhugavert og vildu kanna þekkingu almennings um störf endurskoðenda. Fyrsta spurning varðandi þekkingu á störfum endurskoðenda var hversu vel eða illa viðkomandi þekkti til ábyrgðar og hlutverks endurskoðenda. Svarmöguleikarnir voru mjög vel, fremur vel, í meðallagi, fremur illa og mjög illa. Alls 14% þátttakenda sögðu mjög vel, 28% þeirra sögðu fremur vel, 30% þeirra svöruðu í meðallagi, 21% þeirra sagði fremur illa og 7% þeirra sögðu mjög illa. Sjá mynd 22.



Mynd 22: Hversu vel eða illa viðkomandi þekkir til ábyrgðar og hlutverks endurskoðenda

Önnur spurning varðandi þekkingu á störfum endurskoðenda var hversu sammála eða ósammála viðkomandi væri því að almenningur væri nægilega upplýstur um störf endurskoðenda og siðareglur FLE. Svarmöguleikarnir voru mjög sammála, fremur sammála, í meðallagi, fremur ósammála og mjög ósammála. Alls 6% þátttakenda voru mjög sammála,

12% þeirra voru fremur sammála, 29% svöruðu í meðallagi, 39% þeirra voru fremur ósammála og 14% þeirra voru mjög ósammála. Sjá mynd 23.




**Mynd 23: Hversu sammála eða ósammála viðkomandi er því að almenningur sé nægilega upplýstur um störf endurskoðenda**

Þriðja spurning varðandi þekkingu á störfum endurskoðenda var hversu mikla eða litla þörf viðkomandi teldi að væri á vitundarvakningu meðal almennings um starfsemi og skyldur endurskoðenda. Svarmöguleikarnir voru mjög mikla, fremur mikla, í meðallagi, fremur litla og mjög litla. Meirihluti þátttakenda var sammála því að þörf væri á því en 13% þátttakenda taldi vera mjög mikla þörf og 51% taldi það vera fremur mikla þörf. Alls 21% svaraði í meðallagi, 12% þátttakenda taldi það fremur litla þörf og 2% þeirra taldi það mjög litla þörf.

#### 9.2.4 Óhæði endurskoðenda


Rannsakendur vildu einnig kanna skoðun almennings varðandi óhæði. Spurt var spurningu er varðaði hlutdrægni eða hversu sammála eða ósammála viðkomandi væri að endurskoðandi yrði hlutdrægari eftir því sem hann starfaði lengur fyrir skjólstæðinga sína. Svarmöguleikarnir voru mjög sammála, fremur sammála, í meðallagi, fremur ósammála og mjög ósammála. Stór hluti þátttakenda var sammála því en 23% þeirra voru mjög sammála og 52% þeirra voru fremur sammála. Alls 14% þátttakenda svöruðu í meðallagi, 8% þeirra voru fremur ósammála og 1% þeirra var mjög ósammála. Sjá mynd 24.



**Mynd 24: Hversu sammála eða ósammála viðkomandi er að endurskoðandi geti orðið hlutdrægari eftir því sem hann starfar lengur fyrir skjólstæðinga sína**

### 9.3 Samanburður


Fyrsta spurning sem var skoðuð í samanburði var hvert viðhorf viðkomanda væri til siðareglna endurskoðanda. Viðhorf meðal endurskoðenda til siðareglna var mun jákvæðra en 89% af hópi þeirra svöruðu mjög jákvætt eða fremur jákvætt á móti 49% úr hópi almennings. Hins vegar svöruðu 10% úr hópi endurskoðenda í meðallagi á móti 46% úr hópi almennings. Sjá mynd 25.



**Mynd 25: Viðhorf til siðareglna endurskoðenda**




Næsta spurning sem var skoðuð í samanburði var hversu sammála eða ósammála viðkomandi væri því að endurskoðendur störfuðu almennt eftir siðareglum FLE. Báðir hópar voru sammála um að þeir töldu endurskoðendur almennt vinna eftir siðareglum FLE. En 80,6% úr hópi endurskoðenda svöruðu mjög sammála eða fremur sammála á mótí 72% úr hópi almennings. Af hópi endurskoðenda svaraði 13,7% í meðallagi eða fremur ósammála á mótí 28% úr hópi almennings. Sjá mynd 26.



**Mynd 26: Hversu sammála eða ósammála viðkomandi er að endurskoðandi starfi almennt eftir siðareglum**


Þar á eftir var skoðaður samanburður á því hversu sammála eða ósammála viðkomandi væri hvort almenningur væri nægilega upplýstur um störf endurskoðenda og siðareglur FLE. Svör beggja hópa voru mjög svipuð en eingungis 14,4% úr hópi endurskoðenda var mjög sammála eða fremur sammála því að almenningur væri nægilega upplýstur á mótí 19% úr hópi almennings. Úr hópi endurskoðenda svaraði 21,6% í meðallagi á mótí 29% úr hópi almennings en úr báðum hópum svöruðu langflestir að þeir væru fremur ósammála eða mjög ósammála. En um var að ræða 64% þátttakenda úr hópi endurskoðenda og 52,5% úr hópi almennings. Sjá mynd 27.



**Mynd 27: Hversu sammála eða ósammála viðkomandi er að almenningur sé nægilega upplýstur um störf endurskoðenda og siðareglur**


Næsta spurning sem var skoðuð í samanburði var hversu mikla eða litla þörf viðkomandi taldi vera á vitundarvakningu meðal almennings um starfsemi og skyldur endurskoðenda. Meirihluti þátttakenda beggja hópa taldi mjög mikla eða fremur mikla þörf á vitundarvakningu. Samtals voru það 78,5% úr hópi endurskoðenda á móti 65% úr hópi almennings. Alls svöruðu 15,8% úr hópi endurskoðenda í meðallagi á móti 21% úr hópi almennings. Samtals töldu 5,7% þátttakenda úr hópi endurskoðenda fremur litla eða mjög litla þörf á vitundarvakningu á móti 14% úr hópi almennings.

Næsta spurning sem var skoðuð í samanburði var hversu sammála eða ósammála viðkomandi væri að endurskoðandi yrði hlutdrægari eftir því sem hann starfaði lengur fyrir skjólstæðinga sína. Úr hópi endurskoðenda voru samtals 40% sem svöruðu mjög sammála eða fremur sammála á móti 56% úr hópi almennings. Úr hópi endurskoðenda svaraði 31% í meðallagi á móti 15% úr hópi almennings. Alls 28% úr hópi endurskoðenda svöruðu fremur ósammála eða mjög ósammála á móti 9% úr hópi almennings. Sjá mynd 28.



**Mynd 28:** Hversu sammála eða ósammála viðkomandi er að endurskoðandi geti orðið hlutdrægari eftir því sem hann starfar lengur fyrir skjólstæðinga sína

Næsta spurning var hversu sammála eða ósammála viðkomandi væri að settar yrðu reglur varðandi gjafir og risnu til endurskoðenda frá viðskiptavini. Sú spurning var einnig skoðuð í samanburði. Niðurstöður voru mjög líkar hjá báðum hópum. En úr hópi endurskoðenda voru 80% sem svöruðu mjög sammála eða fremur sammála á móti 72% úr hópi almennings. Úr hópi endurskoðenda voru 10% sem svöruðu í meðallagi á móti 18% úr hópi almennings. Um 10% úr báðum hópum svöruðu fremur ósammála eða mjög ósammála. Sjá mynd 29.



**Mynd 29:** Hversu sammála eða ósammála viðkomandi er að settar séu reglur um gjafir og risnu

Í framhaldinu voru þátttakendur annars vegar spurðir spurninga hversu viðeigandi eða óviðeigandi viðkomandi fyndist að endurskoðandi fengi smávægilegar gjafir frá viðskiptavini og hins vegar hversu viðeigandi eða óviðeigandi þeir teldu að endurskoðandi fengi veglega gjöf frá viðskiptavini. Þessar spurningar voru einnig skoðaðar í samanburði.

Niðurstöður úr fyrri spurningunni voru eftirfarandi. Úr hópi endurskoðenda voru 40% sem svöruðu mjög viðeigandi eða fremur viðeigandi á móti 36% úr hópi almennings. Úr hópi endurskoðenda voru 42% sem svöruðu í meðallagi á móti 28% úr hópi almennings. Alls 18% úr hópi endurskoðenda svöruðu fremur óviðeigandi eða mjög óviðeigandi á móti 36% úr hópi almennings.

Niðurstöður úr seinni spurningunni voru eftirfarandi. Úr hópi endurskoðenda var 1% sem svaraði mjög viðeigandi eða fremur viðeigandi á móti 6% úr hópi almennings. Alls 5% úr hópi endurskoðenda svöruðu í meðallagi á móti 4% úr hópi almennings. En 94% úr hópi endurskoðenda svöruðu fremur óviðeigandi eða mjög óviðeigandi á móti 89% úr hópi almennings.

## 10 Umræða

Ekki er langt síðan öllum endurskoðendum með virk réttindi var skylt að fara eftir siðareglum sem settar eru af FLE og þekkja þær. Siðareglurnar eru í raun hluti af lögum um endurskoðendur. Í siðareglunum er ítarleg umfjöllun um óhæði endurskoðenda, hversu mikilvægt það sé að þeir séu óháðir í reynd og ásýnd og hvað kann að ógna óhæði þeirra. Sérstaklega var skoðað hvort eða hversu mikil ógn endurskoðendur og almenningur teldi stafa af gjöfum og risnu í starfi endurskoðenda og hversu mikil áhrif það hefur á ákvarðanir og siðferði að þiggja slíkt frá viðskiptavini.

Rannsóknarspurningarnar sem settar voru fram eru fjórar. Fyrsta rannsóknarspurningin var hvort siðareglur FLE hefðu áhrif á störf endurskoðenda? Tilgátan var sú að siðareglurnar hefðu jákvæð áhrif á störf þeirra. Í niðurstöðunum kom fram að stærstur hluti endurskoðenda hefði mjög jákvætt eða fremur jákvætt viðhorf til siðareglanna en rúm 89% svöruðu á þann veg. Þegar endurskoðendur voru spurðir hvort þeir störfuðu samkvæmt siðareglum FLE sögðust rúmleg 86% telja svo vera. Tilgátan sem sett var fram stóðst, þar sem endurskoðendur telja að siðareglurnar hafi jákvæð áhrif á störf þeirra og mikilvægi þess að starfa eftir þeim.

Þar sem endurskoðendum er skylt að starfa eftir siðareglum FLE samkvæmt lögum nr. 79/2008 mátti gera ráð fyrir að þeir starfi almennt eftir siðareglum FLE. Gott er að sjá að langstærsti hluti þeirra hefur jákvætt viðhorf gagnvart siðareglum FLE og eykur það traust á störfum þeirra og siðferði. Þrátt fyrir það eru 3,6% ósammála því að endurskoðendur starfi almennt eftir siðareglum FLE og 0,7% hafa neikvætt viðhorf gagnvart siðareglum FLE. Má því gera ráð fyrir því að lítill hluti endurskoðenda sé þeim mótfallinn.

Þegar skoðað er viðhorf almennings til siðferðis endurskoðenda eru svörin dreifðari. Stærsti hluti hefur þó jákvætt viðhorf til siðferðis endurskoðenda eða 49% þeirra. Þegar svör almennings eru skoðuð, vekur athygli að 45% þeirra segir að viðhorf þeirra séu í meðallagi jákvæð gagnvart þessu atriði. Er þessi hópur því hvorki með jákvætt né neikvætt viðhorf til siðferðis endurskoðenda. Þessi hópur er jafnvel óviss eða þekkir ekki nógu vel til starfa endurskoðenda og siðferðilegra skyldna þeirra. Þó hefur aðeins 5% þátttakenda úr hópi almennings neikvætt viðhorf til siðferðis endurskoðenda. Leiða má því líkur að viðhorf til endurskoðenda sé almennt jákvætt en auka mætti þekkingu almennings á siðareglum endurskoðenda og þeim siðferðislegu skyldum sem þeir gegna í samfélaginu.

Önnur rannsóknarspurning snerist um hvort endurskoðendum þætti viðeigandi að fá gjafir og risnu frá viðskiptavinum. Tilgátan var sú að þeim fyndist viðeigandi að fá smávægilega gjöf en óviðeigandi að fá veglega gjöf. Um 80% endurskoðenda voru mjög eða fremur sammála því að setja ætti reglur um gjafir og risnu frá viðskiptavinum en aðeins 10% þeirra voru fremur eða mjög ósammála í því sambandi. Úr þessu má lesa að flestir endurskoðendur vilji hafa skýrar reglur varðandi gjafir og risnu. Að sömu reglur eigi að gilda fyrir alla stéttina svo enginn vafi leiki á hvað sé í lagi að þiggja og hvað ekki.

Þegar endurskoðendur voru spurðir hversu viðeigandi eða óviðeigandi þeim þætti að þiggja smávægilega gjöf frá viðskiptavinum þótti tæplega 40% þeirra það mjög eða frekur viðeigandi. Stærstur hluti þeirra sagði í meðallagi eða rúmlega 42% þátttakenda. Hátt hlutfall eða rúmlega 18% taldi fremur eða mjög óviðeigandi að þiggja smávægilega gjöf. Þegar endurskoðendur voru spurðir hversu viðeigandi eða óviðeigandi þeim þætti að endurskoðandi þæði veglega gjöf frá viðskiptavinum voru svörin ekki eins dreifð. Langstærsti hluti eða rúmlega 94% taldi það fremur eða mjög óviðeigandi að þiggja veglega gjöf, aðeins rúmlega 1% taldi það mjög viðeigandi.

Tilgátan stóðst þar sem meirihluti endurskoðenda var sammála því að viðeigandi væri að þiggja smávægilega gjöf eða risnu frá viðskiptavinum en óviðeigandi að þiggja veglega gjöf. Þrátt fyrir það taldi stór hluti það vera í meðallagi viðeigandi að þiggja slíka gjöf þegar um

smávægilega gjöf var að ræða. Því má gera ráð fyrir því að stór hluti endurskoðenda sé óviss um hvað flokkist undir smávægilega gjöf. Í síðareglunum kemur fram að starfandi endurskoðandi skuli meta hvað teljist vera smávægileg og áhrifalaus gjöf án sérstaks ásetnings frá viðskiptavini. Endurskoðandi skal meta vægi ógnunarinnar en engar varúðarráðstafanir geta dregið úr slíkum ógnunum þannig að þær teljist ásættanlegar, nema eins og áður sagði að andvirðið sé óverulegt og áhrifalaust. Það er því undir endurskoðandanum sjálfum komið að ákvarða hvaða gjafir og risna teljist viðeigandi hverju sinni.

Þriðja rannsóknarspurningin var hvort almenningur væri nægilega upplýstur um störf endurskoðenda. Tilgátan var sú að almenningur væri ekki nægilega upplýstur um störf þeirra. Flestir endurskoðendur voru fremur eða mjög ósammála því að almenningur væri nægilega upplýstur um störf þeirra og tæplega 79% töldu mjög mikla eða fremur mikla þörf á frekari vitundarvakningu meðal almennings á störfum þeirra. Almennigur var einnig sammála um að þörf væri á vitundarvakningu en 64% taldi mjög eða fremur mikla þörf og einungis 14% töldu fremur eða mjög litla þörf á henni.

Þar sem endurskoðendur hafa verið lítið áberandi í almennri umræðu veit almenningur lítið um hlutverk og ábyrgð þeirra og er jafnvel óviss með þekkingu sína. Endurskoðendur mættu vera sýnilegri og taka þátt í umræðum um málefni sín og það sem snýr að störfum þeirra í samfélaginu. Með því að kynna hlutverk og mikilvægi endurskoðenda í samfélaginu mætti auka skilning og efla virðingu almennings gagnvart störfum þeirra.

Fjórða og síðasta rannsóknarspurningin var hvort alltaf væri gætt að óhæði endurskoðenda. Tilgátan var sú að erfitt væri að tryggja óhæði endurskoðenda þar sem Ísland væri lítið samfélag. Endurskoðendur voru spurðir að því hvort þeir væru sammála eða ósammála því að endurskoðandi gæti verið algjörlega óháður í ásýnd í eins fámennu samfélagi og Íslandi. Rúmlega 51% var mjög eða fremur sammála því og tæplega 29% sögðust vera í meðallagi sammála. Hátt hlutfall eða tæplega 20% var fremur eða mjög ósammála því. Tilgátan stóðst því ekki þar sem meirihluti endurskoðenda telur að þeir geti verið óháðir þrátt fyrir kunningjasamfélagið á Íslandi. Til samanburðar var sama spurning lögð fyrir almenning og voru svörin sambærileg en þó voru mun fleiri sammála, en 75% svöruðu mjög eða fremur sammála og einungis 9% voru ósammála.

Það er eðlilegt að það myndist sterk viðskiptatengsl og jafnvel vinátta á milli endurskoðenda og viðskiptavinar eða að aðilarnir kannist hvor við annan þar sem Ísland er

lítið samfélag. Þegar endurskoðendur voru spurðir að því hversu oft eða sjaldan þeir hefðu myndað svo náin tengsl við viðskiptavin sinn að það hefði ógnað óhæði, þá taldi meirihluti þeirra eða rúmlega 92% það vera fremur eða mjög sjaldan. Óhæði endurskoðenda virðist því ekki vera ógnað.

### 10.1 Takmarkanir rannsóknarinnar

Rannsóknin lá fyrir í um það bil viku hjá báðum hópum og send var áminning til að auka svarhlutfall. Brottfall hefði jafnvel mátt minnka enn frekar með frekari hvatningu til þátttöku.

Endurskoðendur voru spurðir ítarlega varðandi óhæði en almenningur var einungis spurður einnar spurningar varðandi óhæði. Í samanburði hefði verið ákjósanlegra að hafa fleiri spurningar varðandi óhæði til almennings.

Þar sem ekki er hægt að fullyrða að almenningur búi yfir nægilegri þekkingu til að svara spurningum um endurskoðendur hefði jafnvel mátt hafa spurningarnar betur skilgreindar. Mögulega merkti almenningur við í meðallagi ef þeir skildu ekki spurninguna.

## 11 Lokaorð

Fjallað hefur verið um mikilvægi þess að endurskoðendur framfylgi siðareglum FLE í þessari ritgerð. En eitt af markmiðum rannsóknarinnar var að rannsaka hvort siðareglurnar hefðu áhrif á störf endurskoðenda. Ávinningur þess að settar séu siðareglur fyrir endurskoðendur er meðal annars að auka traust endurskoðenda í augum almennings. Niðurstöður leiddu í ljós að endurskoðendur telja sig almennt fylgja siðareglunum og hafa jafnframt jákvætt viðhorf gagnvart þeim. Í ritgerðinni var einnig fjallað almennt um endurskoðendur og störf þeirra en annað markmið rannsóknarinnar var að rannsaka hvort almenningur væri nægilega upplýstur um störf og skyldur þeirra. Það er ljóst að almenningur hefur ekki nægilega þekkingu á störfum endurskoðenda og þörf er á vitundarvakningu hvað því viðkemur.

Í ritgerðinni var ítarlega fjallað um gjafir og risnu til endurskoðenda frá viðskiptavini og afleiðingar þess að þiggja þær en þær geta verið margvíslegar og flóknar. Þriðja markmið rannsóknarinnar var að rannsaka viðhorf endurskoðenda til gjafa og annarra hlunninda frá viðskiptavininum sínum og voru meirihluti endurskoðenda sammála um að viðeigandi væri að þiggja smávægilegar gjafir eða önnur hlunnindi en óviðeigandi væri að þiggja veglegar gjafir

eða önnur hlunnindi frá þeim. Einnig voru endurskoðendur spurðir hvort þeim hefði verið boðin gjöf eða risna og svöruðu flestir því neitandi. Farið var ítarlega í skilgreiningu á óhæði og mikilvægi þess að endurskoðendur væru óháðir í störfum sínum. Fjórða markmið rannsóknarinnar var að rannsaka hvort endurskoðendur geti verið algjörlega óháðir í ásýnd í störfum sínum á Íslandi. Niðurstöður sýndu að stór hluti bæði endurskoðenda og almennings var sammála því að endurskoðendur geti verið fullkomlega óháðir í störfum sínum þrátt fyrir lítið samfélag á Íslandi.

Ef marka má niðurstöður þessar eru siðareglur FLE mikilvægar endurskoðunarstéttinni. Líkt og kom fram í niðurstöðunum eru endurskoðendur fylgjandi því að hafa settar siðareglur sem gilda fyrir alla félagsmenn, því á ekki að vera óljóst hvernig hegðun er viðeigandi í ólíkum aðstæðum.



## 12 Heimildir

- Coffee, J. (2002). Understanding Enron: "It's About the Gatekeepers, Stupid" *The Business Lawyer*, 57(4), 1403-1420. Sótt 3. október af <http://www.jstor.org/stable/40688097>
- Creswell, J. W. (2008). Educational research: planning, conducting, and evaluating quantitative and qualitative research. *Upper Saddle River, NJ*: Pearson/Merrill Prentice Hall.
- Deloitte. (2015). IFRS Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar samantekt. Sótt 30 september af <http://www2.deloitte.com/content/dam/Deloitte/is/Documents/audit/ifrs-in-your-pockets/IFRS%20in%20your%20pocket%202015.pdf>
- Elín H. Pétursdóttir. (2016, 20. janúar). Skipulagning endurskoðunar [PowerPoint glærur]. Sótt 28. október 2016 af <https://myschool.ru.is/myschool/>
- Endurskoðendaráð. (e.d.). Hlutverk endurskoðendaráðs. Sótt 30. október af <http://www.endurskodendarad.is/um-endurskodendarad/hlutverk-endurskodendarads/>
- Epstein, M. J., og Geiger, M. A. (1994). *Investor views of audit assurance: Recent evidence of the e. Journal of Accountancy*. Sótt 30 október af <http://search.proquest.com/docview/206769725?accountid=135943>
- Félag löggiltra endurskoðenda. (2003). *Ákvörðun mikilvægismarka*. Sótt 29 nóvember 2016 af <http://www.fle.is/is/utgafa/frettir/akvordun-mikilvaegismarka>
- Félag löggiltra endurskoðenda. (2011). *Umhverfi, hlutverk, ábyrgð*. Sótt 15 október 2016 af [http://www.fle.is/static/files/2013/lokaeintak\\_f.pdf](http://www.fle.is/static/files/2013/lokaeintak_f.pdf)
- Félag löggiltra endurskoðenda (2012). *Stefna FLE*. Sótt þann 29.nóvember, 2016 af [http://www.fle.is/static/files/2013/Skjol\\_hadegisfundir/files/um\\_fle/stefna-fle-des-2012.pdf](http://www.fle.is/static/files/2013/Skjol_hadegisfundir/files/um_fle/stefna-fle-des-2012.pdf)
- Félag löggiltra endurskoðenda. (2013). *Sidareglur fyrir endurskoðendur*. Sótt 27. september <http://www.fle.is/static/files/2013/sidareglur.pdf>
- Félag löggiltra endurskoðenda. (2014). *Samþykktir Félags löggiltra endurskoðenda*. Sótt 28. September af <http://www.fle.is/static/files/2014/Faglegt/samthyktir-fle-31-okt-2014.pdf>
- Félag löggiltra endurskoðenda. (e.d.). *Eftirlitsaðilar*. Sótt 30 október af <http://www.fle.is/is/eftirlitsadilar>
- Félag löggiltra endurskoðenda. (e.d.). *Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti*. Sótt 15 október af <http://www.fle.is/is/eftirlitsadilar/atvinnuvega-og-nyskopunarraduneyti>

- Félag löggiltra endurskoðenda. (e.d.). *Endurskoðunarstaðlar*. Sótt 18 október af <http://www.fle.is/is/faglegt/althjodlegir-stadlar/endurskodunarstadlar>
- Félag löggiltra endurskoðenda. (e.d.). *Um FLE*. Sótt 28 september af <http://www.fle.is/is/um-fle>
- Fjármálaeftirlitið (e.d.). *Eftirlitsstarfsemi*. Sótt 15 október af <http://www.fme.is/eftirlitsstarfsemi/>
- Innanríkisráðuneytið. (2011). *Reglugerð um endurmenntun endurskoðenda*. Sótt 30 október af <http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/30-2011>
- International Federation of Accountants. (2016). International Standard on Auditing (ISA) 701, Communicating Key Audit Matters in the Independent Auditor's Report. Sótt 5 nóvember 2016 af <https://www.ifac.org/publications-resources/international-standard-auditing-isa-701-new-communicating-key-audit-matters-i>
- Jackson, A.B., Moldrich, M. og Roebuck, P. (2008). Mandatory audit firm rotation and audit quality. *Managerial Auditing Journal*, 5(23), 420-437. <http://dx.doi.org/10.1108/02686900810875271>
- John E. McEnroe og Stanley C. Martens. (2001). Auditors' and Investors' Perceptions of the "Expectation Gap". *Accounting Horizons*, 15(4), 345-358. <http://dx.doi.org/10.2308/acch.2001.15.4.345>
- Ketill B. Magnússon. (2016, 24. janúar). Um VÍSI og SÁ [PowerPoint glærur]. Sótt 26. október 2016 af <https://myschool.ru.is/myschool/>
- Lög um ársreikninga, með síðari breytingum nr. 3/2006
- Lög um endurskoðendur nr. 79/2008
- Lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998
- Páll S. Árdal. (1997). *Siðferði og mannlegt eðli*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Páll Skúlason. (1990). *Siðfræði: um erfiðleika í siðfræði og forsendur ákvarðana*. Reykjavík: Birtingur.
- Páll Skúlason. (2011). *Siðfræði er þörf*. Salvör Nordal og Vilhjálmur Árnason (ritstj.), *Siðfræði og samfélag* (9-27). Reykjavík: Siðfræðistofnun og Háskólaútgáfan.
- Rachels, James. (1997). *Stefnur og straumar í siðfræði*. Reykjavík: Siðfræðistofnun og Háskólaútgáfan.
- Sigurður B. Arnþórsson. (2015, 20. ágúst). Óhæði og hlutverk. *Morgunblaðið*, 12. Sótt 3. október af <http://www.fle.is/static/files/2015/Mblgreinar/sigurdur-b.->

arnthorsson-20.-agust-2015.pdf

Sigurður Kristinsson. (1991). *Siðareglur*: Greining á siðareglum ásamt skráðum siðareglum starfsgreina á Íslandi. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í siðfræði og Háskóli Íslands.

Sigurður Tómasson. (1995, júlí). Fyrstu ár endurskoðunar og menntamálin. *Afmælisrit FLE. 1935-1995, 48.*

Þingskjal 827. (2007-2008). Endurskoðendur – umræður. Sótt 14. nóvember 2016 af <http://www.althingi.is/altext/raeda/135/rad20080407T172623.html>

## **Viðauki A**

### **Spurningakönnun varðandi Siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda (FLE)**

Meðfylgjandi könnun er hluti af BSc lokaverkefni við Háskólann í Reykjavík.

Við viljum biðja þig um að svara meðfylgjandi spurningum eftir bestu getu.

Það er ekki hægt að rekja svör til einstakra þátttakenda, könnunin er nafnlaus og fullum trúnaði er heitið.

Könnunin tekur ekki langan tíma, 5-7 mínútur.

Vinsamlega merkið með x í kassann fyrir framan rétt svar, aðeins merkja í einn reit. Þér er hvorki skylt að svara einstaka spurningum né spurningalistanum í heild.

Ef óskað er eftir frekari upplýsingum varðandi könnun þessa þá vinsamlega hafið samband við Helgu Rós Benediktsdóttur netfang helga10@ru.is eða Jenný Einarsdóttur jenny13@ru.is

Kærar þakkir fyrir þátttökuna

#### **1. Ert þú karl eða kona ?**

Karl

Kona

#### **2. Hvað ert þú gamall/ gömul ?**

20-29 ára

30-45 ára

46-59 ára

60 ára eða eldri

#### **3. Starfar þú sem endurskoðandi á þessari stundu ?**

Já

Nei

#### **4. Hver er starfsaldur þinn sem endurskoðandi ?**

0-5ár

6-10 ár

11-15 ár

- 16-20 ár
- 21 ár eða meira

**5. Hversu jákvætt eða neikvætt viðhorf hefur þú til siðareglna FLE ?**

- Mjög jákvætt
- Fremur jákvætt
- Í meðallagi
- Fremur neikvætt
- Mjög neikvætt

**6. Ert þú sammála eða ósammála því að endurskoðendur starfi almennt eftir siðareglum FLE ?**

- Mjög sammála
- Fremur sammála
- Í meðallagi
- Fremur ósammála
- Mjög ósammála

**7. Hversu sammála eða ósammála ert þú því að almenningur sé nægjanlega upplýstur um störf endurskoðenda og um siðareglur FLE ?**

- Mjög sammála
- Fremur sammála
- Í meðallagi
- Fremur ósammála
- Mjög ósammála

**8. Hversu mikla eða litla þörf telur þú að sé á vitundarvakningu meðal almennings um starfsemi og skyldur endurskoðenda ?**

- Mjög mikla
- Fremur mikla
- Í meðallagi
- Fremur litla
- Mjög litla

**9. Hversu fullnægjandi eða ófullnægjandi telur þú að eftirlit með siðareglum FLE sé á þínum vinnustað ?**

- Mjög fullnægjandi
- Fremur fullnægjandi
- Í meðallagi
- Fremur ófullnægjandi
- Mjög ófullnægjandi

**10. Hversu viðeigandi eða óviðeigandi telur þú að sami endurskoðandi semji reikningsskil og veiti svo endurskoðaða áritun ?**

- Mjög viðeigandi
- Fremur viðeigandi
- Í meðallagi
- Fremur óviðeigandi
- Mjög óviðeigandi

**11. Hversu oft eða sjaldan hefur þú myndað svo nán tengsl við viðskiptavin að það hefur ógnað óhæði þínu ?**

- Mjög oft
- Fremur oft
- Í meðallagi
- Fremur sjaldan
- Mjög sjaldan

**12. Hversu oft eða sjaldan hafa hagsmunir þínir fjárhagslegir eða aðrir haft áhrif á faglegt mat þitt sem endurskoðanda ?**

- Mjög oft
- Fremur oft
- Í meðallagi
- Fremur sjaldan
- Mjög sjaldan

**13. Hversu sammála eða ósammála ert þú því að endurskoðandi geti orðið hlutdrægari eftir því sem þeir starfa lengur fyrir skjólstaðinga sína ?**

- Mjög sammála
- Fremur sammála
- Í meðallagi
- Fremur ósammála
- Mjög ósammála

**14. Hversu sammála eða ósammála ert þú því að endurskoðendur geti verið algjörlega óháðir í ásýnd í eins fámennu samfélagi og Íslandi?**

- Mjög sammála
- Fremur sammála
- Í meðallagi
- Fremur ósammála
- Mjög ósammála

**15. Hversu sammála eða ósammála ert þú því að óhæði endurskoðenda myndi styrkjast ef skjólsæðingar þyrftu að skipta reglulega um endurskoðenda?**

- Mjög sammála
- Fremur sammála
- Í meðallagi
- Fremur ósammála
- Mjög ósammála

**16. Hversu sammála eða ósammála ertu því að settar séu reglur um gjafir eða risnu frá viðskiptavini?**

- Mjög sammála
- Fremur sammála
- Í meðallagi
- Fremur ósammála
- Mjög ósammála

**17. Hefur þér verið boðin gjöf eða risna frá viðskiptavini ?**

- Já
- Nei

**18. Hefur þú neitað gjöf eða risnu frá viðskiptavini?**

- Já
- Nei

**19. Hversu viðeigandi eða óviðeigandi finnst þér að endurskoðandi fái sér kjör hjá viðskiptavini sínum? Til dæmis í formi afsláttar eða hagstæðari vaxtarkjör.**

- Mjög viðeigandi
- Fremur viðeigandi
- Í meðallagi
- Fremur óviðeigandi
- Mjög óviðeigandi

**20. Hversu viðeigandi eða óviðeigandi finnst þér að endurskoðandi fái smávægilega gjöf frá viðskiptavini? Til dæmis rauðvínsflösku eða konfektkassa.**

- Mjög viðeigandi
- Fremur viðeigandi
- Í meðallagi
- Fremur óviðeigandi
- Mjög óviðeigandi

**21. Hversu viðeigandi eða óviðeigandi finnst þér að endurskoðandi fái veglega gjöf frá viðskiptavini? Til dæmis ferð í Laxveiði eða utanlandsferð.**

- Mjög viðeigandi
- Fremur viðeigandi
- Í meðallagi
- Fremur óviðeigandi
- Mjög óviðeigandi



## Viðauki B

Spurningakönnun varðandi siðferði endurskoðanda

Meðfylgjandi könnun er hluti af BSc lokaverkefni við Háskólann í Reykjavík.

Við viljum biðja þig um að svara meðfylgjandi spurningum eftir bestu getu.

Það er ekki hægt að rekja svör til einstakra þátttakenda, könnunin er nafnlaus og fullum trúnaði er heitið.

Könnunin tekur ekki langan tíma, 2-3 mínútur.

Vinsamlega merkið í kassann fyrir framan rétt svar, aðeins merkja í einn reit. Þér er hvorki skylt að svara einstaka spurningum né spurningalistanum í heild.

Ef óskað er eftir frekari upplýsingum varðandi könnun þessa þá vinsamlega hafið samband við Helgu Rós Benediktsdóttur netfang helga10@ru.is eða Jenný Einarsdóttur jenny13@ru.is

Kærar þakkir fyrir þátttökuna

### 1. Ert þú karl eða kona ?

- Karl
- Kona

### 2. Hvað ert þú gamall/ gömul ?

- 20-29 ára
- 30-45 ára
- 46-59 ára
- 60 ára eða eldri

### 3. Hversu vel eða illa þekkir þú til ábyrgðar og hlutverks endurskoðanda ?

- Mjög vel
- Fremur vel
- Í meðallagi
- Fremur illa
- Mjög illa

**4. Hversu jákvætt eða neikvætt viðhorf hefur þú til siðferðis endurskoðenda ?**

- Mjög jákvætt
- Fremur jákvætt
- Í meðallagi
- Fremur neikvætt
- Mjög neikvætt

**5. Hversu sammála eða ósammála ertu því að endurskoðendur starfi almennt eftir siðareglum Félags löggiltra endurskoðenda ?**  Mjög jákvætt

- Mjög sammála
- Fremur sammála
- Í meðallagi
- Fremur ósammála
- Mjög ósammála

**6. Hversu sammála eða ósammála ertu því að almenningur sé nægjanlega upplýstur um störf endurskoðenda og siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda?**

- Mjög sammála
- Fremur sammála
- Í meðallagi
- Fremur ósammála
- Mjög ósammála

**7. Hversu mikla eða litla þörf telur þú að sé á vitundarvakningu meðal almennings um starfsemi og skyldur endurskoðenda ?**

- Mjög mikla
- Fremur mikla
- Í meðallagi
- Fremur litla
- Mjög litla

**8. Hversu sammála eða ósammála ert þú því að endurskoðandi getur orðið hlutdrægari eftir því sem hann starfa lengur fyrir skjólstæðinga sína ?**

- Mjög sammála

- Fremur sammála
- Í meðallagi
- Fremur ósammála
- Mjög ósammála

**9. Hversu sammála eða ósammála ert þú því að settar séu reglur um gjafir og önnur hlunnindi til endurskoðenda frá viðskiptavini ?**

- Mjög sammála
- Fremur sammála
- Í meðallagi
- Fremur ósammála
- Mjög ósammála

**10. Hversu viðeigandi eða óviðeigandi finnst þér að endurskoðandi fái smávægilega gjöf frá viðskiptavini? Til dæmis rauðvínsflösku eða konfektkassa**

- Mjög viðeigandi
- Fremur viðeigandi
- Í meðallagi
- Fremur óviðeigandi
- Mjög óviðeigandi

**11. Hversu viðeigandi eða óviðeigandi finnst þér að endurskoðandi fái veglega gjöf frá viðskiptavini ? Til dæmis ferð í Laxaveiði eða utanlandsferð**

- Mjög viðeigandi
- Fremur viðeigandi
- Í meðallagi
- Fremur óviðeigandi
- Mjög óviðeigandi

## **Viðauki C**

Tölvupóstur um beiðni um þátttöku

Kæri endurskoðandi

Við erum að vinna BSc verkefni sem fjallar um siðareglur Félags löggiltra endurskoðanda. Meðfylgjandi er stutt könnun og við yrðum þér mjög þakklátar ef þú gætir gefið þér 4-5 mínútur til að svara nokkrum spurningum.

Vefslóðin að könnuninni er eftirfarandi :  
<https://goo.gl/forms/DDtC9HyIPOcW7cPD3>

Kærar þakkir

Bestu kveðjur  
Jenný & Helga Rós

## **Viðauki D**

### **Ítrekunarpóstur**

Kæri endurskoðandi

Við viljum minna þig á að svara könnuninni okkar varðandi siðareglur endurskoðenda. Það skiptir okkur miklu máli að fá sem flest svör.

Slóðin á könnunni er eftirfarandi :  
<https://goo.gl/forms/DDtC9HylPOcW7cPD3>

Einnig viljum við minna á að fullum trúnaði er heitið og ekki er hægt að rekja svör til einstakra þátttakanda.

Bestu kveðjur  
Jenný & Helga Rós